




Síðuvegur (716)

Hringvegur (1) – Vatnsnesvegur (711)

Kynningarskýrsla

Vegagerðin – Norðursvæði og Hönnunardeild

Mars 2026

Samantekt

Vegagerðin kynnir hér með endurbyggingu Síðuvegar (716) á 5,8 km löngum kafla á vestanverðu Vatnsnesi í sveitarfélaginu Húnaþingi vestra. Vegurinn liggur á milli Hringvegur (1) og Vatnsnesvegur (711) og er hluti af grunnkerfi samgangna. Núverandi vegur er mjór, með útskotum og malaryfirborði og uppfyllir ekki öryggiskröfur Vegagerðarinnar. Á honum er einbreið brú yfir Reyðarlæk.

Vegurinn er tengivegur og er samkvæmt vegaskrá vegtegund C₇ og skiptist í tvo kafla sem skiptast við vegamót Borgarvegur (717) og Síðuvegar (716). Umferð árið 2024 á vegkafla 716-01 var 155 ÁDU¹ og 310 SDU². Ekki liggja fyrir sérstakar talningar á þungum bílum.


Endurbyggingin verður á öllum veginum og fylgir að mestu leyti núverandi vegi. Núverandi brú yfir Reyðarlæk verður skipt út fyrir nýja brú.

Tilgangur framkvæmdarinnar er að bæta vegasamgöngur um Vatnsnes. Framkvæmdin er í samræmi við markmið samgönguáætlunar um að auka umferðaröryggi og að leggja vegi bundnu slitlagi.

Efnistaka er fyrirhuguð úr skeringum meðfram vegi og allt að 8 námum.

Fyrirhugaðar framkvæmdir á Síðuvegi (716) falla undir lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Tilkynna þarf framkvæmdina til Skipulagsstofnunar því framkvæmdir verða á meira en 5 km löngum kafla og á stuttum kafla innan verndarsvæðis, innan lítt raskaðs votlendis.

Vegagerðin telur að framkvæmdin bæti samgöngur og umferðaröryggi vegfarenda. Þegar framkvæmdum við kaflann lýkur verður Síðuvegur (716) lagður bundnu slitlagi og breiðari, þannig að hægt verður að mætast án þess að víkja í útskot.



↑ Mynd 1

Fyrirhugað framkvæmdasvæði afmarkað með svörtum feringi. Bundið slitlag er rautt.

¹ ÁDU er ársdagsumferð sem er meðalumferð á dag yfir árið

² SDU er sumardagsumferð sem er meðalumferð á dag mánuðina júní, júlí, ágúst og september

Efnisyfirlit

Samantekt	1
1 Yfirlit	4
1.1 Almennt	4
1.2 Markmið framkvæmdar	5
1.3 Matsskylda	5
1.4 Afmörkun og áhrifasvæði framkvæmdar	6
1.5 Rannsóknir	7
1.6 Staða skipulags	7
1.7 Verndarsvæði	8
1.8 Lög og leyfisveitendur	9
2 Staðhættir á framkvæmdasvæði	10
2.1 Staðhættir	10
2.2 Núverandi vegur og brú	11
2.3 Samgöngur og umferðaröryggi	15
3 Kostir og framkvæmdalýsing	16
3.1 Valkostir	16
3.1.1 Veglína A	16
3.1.2 Veglína B	17
3.1.3 Samanburður	18
3.2 Framkvæmdalýsing	18
3.2.1 Endurbbyggður vegur	18
3.2.2 Brú á Reyðarlæk	19
3.2.3 Ræsi	20
3.2.4 Efnispörf	20
3.2.5 Efnistaka	21
3.2.6 Vegtengingar	22
3.3 Frágangur	22
3.3.1 Núverandi vegur	22
3.3.2 Reiðleið	22
3.3.3 Námur og önnur röskuð svæði	22
3.4 Vinnubúðir og aðstaða verktaka	23
3.5 Mannaflapörf	23
3.6 Mannvirki	23
3.6.1 Jarðstrengur	24
3.6.2 Fjarskipti	24
3.7 Framkvæmdatími og kostnaður	24
3.8 Rekstur	24
4 Umhverfis- og framkvæmdaþættir	25
4.1 Þættir sem líklega valda umhverfisáhrifum	25
4.1.1 Vegagerð og brúargerð	25
4.1.2 Efnistaka	25
4.2 Umhverfisþættir sem geta orðið fyrir áhrifum	25
5 Möguleg umhverfisáhrif	26
5.1 Mannlíf, útivist og ferðaþjónusta	26

5.2 Öryggi, samgöngur og heilsa	27
5.3 Landnotkun.....	28
5.4 Landslag.....	29
5.5 Jarðmyndanir, vatnshlot og laxfiskar	30
5.6 Vistgerðir og gróðurfar	37
5.7 Fuglar og spendýr.....	41
5.8 Fornleifar.....	42
6 Veðurfar og náttúruvá.....	46
6.1 Veðurfar	46
6.2 Náttúruvá.....	47
7 Mótvægisaðgerðir	48
7.1 Samráðsaðilar.....	50
8 Niðurstaða	51
9 Heimildir	54
10 Fylgiskjöl.....	56
11 Teikningar.....	57

Loftmynd á forsiðu frá Loftmyndum ehf.

Hluti fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis.

1 Yfirlit


1.1 Almennt

Fyrirhugað er að endurbyggja Síðuveg (716) á **5,8 km** kafla frá Hringvegi (1) að Vatnsnesvegi (711).



↑ Mynd 2

Fyrirhugað framkvæmdasvæði milli Hringvegar og Vatnsnesvegar er sýnt með blárrí línu. Rauðar línur eru vegir með bundnu slitlagi og gulbrúna línur eru vegir með malarslitlagi (grunnmynd: Loftmyndir ehf.).



← Mynd 3

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er afmarkað með svörtum ferningi og núverandi vegur er sýndur með blárrí línu. Rauðar línur eru vegir með bundnu slitlagi og gulbrúnar línur eru vegir með malarslitlagi (grunnmynd: Loftmyndir ehf.).

Framkvæmdin er í sveitarfélaginu Húnaþingi vestra.

Áætluð efnispörf nýs og endurbbyggðs vegar er tæplega **252 þús. m³** og er gert ráð fyrir að **13 þús. m³** komi úr skeringum en tæplega **239 þús. m³** komi úr námum.

Vegagerðin áætlað að vegurinn verði endurbbyggður á árunum 2033-2034 og hægt verði að taka mannvirknið í notkun haustið 2034. Mannvirknið verður í notkun á framkvæmdatíma.

1.2 Markmið framkvæmdar

Markmið framkvæmdarinnar er að bæta vegasamgöngur í Húnaþingi vestra. Einnig að auka umferðaröryggi og stuðla að greiðari og öruggari samgöngum.

Ekki er um styttingu að ræða heldur fyrst og fremst vegabætur sem ættu að stuðla að aukinni greiðfærni samgangna.

1.3 Matsskylda

Fyrirhuguð framkvæmd á Síðuvegi (716) fellur undir 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, 1. viðauka, tölulið 10.08, flokk B og 1. viðauka, tölulið 2.02, flokk B. Því þarf að tilkynna hana til Skipulagsstofnunar sem tekur ákvörðun um hvort framkvæmdin skuli háð umhverfismati. Einnig verða framkvæmdir innan

verndarsvæða, sbr. formála 1. viðauka, iii. lið 2. tölul. 2. viðauka. Framkvæmdin verður að hluta til innan lítt raskaðs votlendis.

2.02 „Efnistaka, utan þess sem tilgreint er í tölul. 2.01, þar sem áætlað er að raska 2,5 ha svæði eða stærra eða efnismagn er 50.000 m³ eða meira.“

10.08 „Lagning nýrra vega eða enduruppbygging eða breikkun vega utan þéttbýlis sem ekki eru tilgreindir í tölul. 10.06 eða 10.07 sem eru a.m.k. 5 km.“

Í tilkynningu framkvæmdar eru talin upp þau áhrif sem talið er að framkvæmdin geti haft á umhverfispætti og tekin ákvörðun um matsskyldu framkvæmdar út frá þeim.

1.4 Afmörkun og áhrifasvæði framkvæmdar

Fyrirhugað framkvæmdasvæði vegar og vegtenginga mun liggja um fjórar jarðir í Húnaþingi vestra. Auk þess eru til skoðunar 8 námur innan jarða í grennd við veginn.

Tafla 1


Jarðir sem fyrirhuguð framkvæmd liggur um.

Heiti jarðar	Landeigna-númer	Vegur
Bjarghús	L 144519	x
Grund	L 144535	x
Síða	L 144565	x
Galtarnes	L 144608	x

Landamörk má sjá á meðfylgjandi mynd **Error! Not a valid bookmark self-reference.** en þess ber að geta að þau eru ó-nákvæm og einungis til viðmiðunar. Nú-verandi vegur og þar með einnig endur-byggður vegur liggur mismikið um lönd ofangreindra jarða.

Mynd 4

Landamerki jarða sem liggja að framkvæmdasvæði Síðuvegar (716).



Tafla 2

Jarðir þar sem eru námur til skoðunar. Umfjöllun um námur er í kafla 3.2.5, sjá Mynd 22.

Heiti jarðar	Landeignanúmer	Náma
Bjarghús	L144519	Tagl við Bjarghús
Grund	L144535	Grundarnáma
Klambrar	L144545	Klambranáma
Böðvarshólar	L144527	Móamelar 1 E-37
Hörgshóll	L144541	Hörgshóll II E-38
Galtarnes	L144608	Galtarnesnáma
Sólbakki	L144634	Dalsá-Víðidal
Jörfi	L144617	Þúfulækur

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvaða námur verða nýttar en fjallað er nánar um þær í kafla 3.2.5.

Áhrifasvæði framkvæmdarinnar, vegna bættra og öruggari samgangna, nær til allra sem leið eiga um Síðuveg (716) á þessum kafla.

Framkvæmdin afmarkast af byggingu vegarins og efnistöku. Framkvæmdasvæðið sjálft, þ.e.a.s. það svæði sem fer undir vegagerð er á tæplega 6 km kafla. Almennt er gert ráð fyrir að takmarka stærð framkvæmdasvæðis eins og unnt er og verður það tilgreint í útboðsgögnum. Rekstur mannvirkisins og viðhald tekur við eftir að framkvæmd lýkur.

Síðuvegur (716) er tengivegur og því er veghelgunarsvæði hans 30 m breitt og nær 15 m frá miðlínu vegar til hvorrar hliðar.

Framkvæmdasvæði þessarar framkvæmdar liggur að mestu innan veghelgunarsvæðis núverandi vegar. Það verður nokkuð mismunandi breitt, því vegurinn verður ýmist lagður á fyllingu eða í skeringu. Þar sem hann liggur á fyllingu er framkvæmdasvæðið frá 15,0-40 m á breidd. Skeringar eru almennt ekki miklar, en breiðasta skering er um 40 m breið.

1.5 Rannsóknir

- Starfsmenn Vegagerðarinnar hafa gengið veglínuna auk þess sem rannsókn á mögulegum efnistökuþöfum hefur farið fram.
- Minjasafn Skagfirðinga var fengið til að skrá fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Samband var haft við Minjavörð Norðurlands vestra um rannsóknarþörf og stærð rannsóknasvæðis vegna framkvæmdarinnar.

Ekki var talin þörf á öðrum rannsóknum vegna könnunar á matsskyldu framkvæmdarinnar.

1.6 Staða skipulags

Í gildi er Aðalskipulag Húnaþings vestra 2014-2026 sem var samþykkt þann 7. ágúst 2014. Í greinagerð aðalskipulagsins, kafla 3.4.1 um Vegi, kemur fram markmið um að stuðlað verði að bættum samgöngum innan sveitarfélags og við nágrennabyggðalög.

Síðuvegur (716) liggur um landbúnaðarsvæði. Á aðalskipulagsuppdraetti³ sést að í grennd við hann eru tvö íbúðarhús; Bjarghús og Síða, tún og eitt efnistökusvæði E43 sem nefnist Tagl við Bjarghús⁴. Á skipulagsuppdraetti má sjá að reiðleið liggur meðfram veginum. Auk þess liggja lagnir, raflínur og fjarskiptalagnir um svæðið (sjá kafla 3.6). Á uppdraetti er ekki sýnd breyting á legu Síðuvegar (716) innan sveitarfélagsins. Engin verndarsvæði eru í næsta nágrenni Síðuvegar (716).

Móamelar E-37 í landi Böðvarshóla, Hörgshóll E-38 í landi Hörgshóls, Katlanáma E-44 í landi Litlu-Borgar, Þorkelshóll E-46 í landi Lækjarmóta og Tagl E-43 í landi Bjarghúss, eru nálægar námur á aðalskipulagi. Aðrar mögulegar námur eru ekki á aðalskipulagi Húnaþings vestra.


Mögulegt er að færsla Síðuvegar (716) verði það lítil að ekki þurfi að breyta aðalskipulagi vegna endurbyggingar vegarins.

Samráð verður við Húnaþing vestra í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 um þörf á breytingu á aðalskipulagi vegna endurbyggingar vegar og nýrra náma.

³ Landmótun, 2014c.

⁴ Landmótun, 2014a.

- Gera þarf breytingar á Aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014-2026, í samræmi við fyrirhugaða efnistöku og legu vegarins.



↑ Mynd 5

Aðalskipulag Húnaþings vestra (Landmótun, 2014c). Síðuvegur (716) afmarkaður með rauðum brotalínunum

Byggð	Samgöngur	Verndarsvæði
- Landbúnaðarsvæði (<200m y.s.) - SL Skógræktarsvæði, (sýnd til skýringar svæði samningsbúnaðs) - Jarðanefn Jarðir í ábúð (Jarðanefn) Jarðir ekki í ábúð - Þéttbýlissvæði - ÍB Íbúðarbyggð - VP Verslun og þjónusta - S Samfélagsþjónusta - I Iðnaðarsvæði - AT Athafnasvæði - E Efnistöku- og efnislosunarsvæði - H Hafnasvæði - F Frístundabyggð - AF Afþreyingar- og ferðamannasvæði - ÍP Íþróttarsvæði - OP Opin svæði - ÖB Öbygð svæði (>200m y.s., afréttalönd) - Ár og vötn	- Stofnvegir - Tengivegir í byggð og fjallvegir á hálendi - Aðrir vegir einvörðungu til skýringar - Gönguleiðir/fomar þjóðleiðir (að hluta varðaðar) - Reiðleiðir - Undirgöng - Flugvöllur/flugbraut Veitur - RAFVEITA - Háspennulínur 66 kV og stærri - HITAVEITA - Stofnæð hitaveitu - Fyrirhuguð stofnæð hitaveitu - VATNSVEITA - Stofnæð vatnsveitu - FRÁVEITA - Fráveita - LJÓSLEIÐARI - Ljósleiðari - FJARSKIPTAMASTUR	NÁTTÚRUVERNDARSVÆÐI 424 Svæði á Náttúruminjaskrá - Hverfisvernd vegna náttúruminja ÞJÓÐMINJAVEIÐARSVÆÐI - Fríðlýstar fornleifar skv. þjóðminjalögum - Hverfisvernd vegna minja - Skráðar fornminjar VATNSVERNDARSVÆÐI - Vatnsverndarsvæði I, brunnsvæði - Vatnsverndarsvæði II, grannsvæði vatnsbóla - Mörk skipulagssvæðis (og sveitarfélagsins) - Jarðamörk skv. RALA (til skýringar)

1.7 Verndarsvæði

Þótt framkvæmdin liggi ekki um eða í grennd við verndarsvæði, má sjá í kortasjá Náttúrufræðistofnunar um sérstaka vernd vistkerfa og jarðminja <https://serstokvernd.ni.is/> að svo virðist sem fyrirhuguð framkvæmd muni raska vernduðum vistkerfum, þ.e. votlendi, sjá kafla 5.6 um vistgerðir og gróðurfar.

1.8 Lög og leyfisveitendur

Fyrirhuguð framkvæmd og efnistaka henni samfara, eru háð eftirfarandi leyfum:

- Afla skal framkvæmdaleyfis sveitarstjórnar samkvæmt 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Framkvæmdin skal vera í samræmi við Aðalskipulag Húnaþings vestra 2014-2026.
- Þar sem veiðivatni er raskað skal sækja um leyfi til Fiskistofu vegna framkvæmda samkvæmt 33. gr. laga um Lax- og silungsveiði nr. 61/2006.
- Öll efnistaka er háð lögum nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörð. Þar kemur fram í 8. gr. að öll efnistaka er háð framkvæmdaleyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar, samanber skipulagslög, nr. 123/2010.
- Samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, njóta m.a. fossar, gamlir birki-skógar, sjávarfitjar, leirur og votlendi að stærð 2 ha eða stærri, sérstakrar verndar.
- Framkvæmdin skal vera í samræmi við lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011, en markmið þeirra er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatns-auðlindarinnar. Einnig verður framkvæmdin í samræmi við reglugerð nr. 935/2011 um stjórn vatnamála og Vatnaáætlun Íslands 2022 – 2027.
- Gera þarf grein fyrir hverjar breytingar verða á vatnshlotum vegna framkvæmdanna. Í 18. gr. laga nr. 36/2011 er fjallað um að leita þurfi til Umhverfis- og orkustofnunar um heimild til breytinga á vatnshloti sem hefur í för með sér að ekki er hægt að ná fram umhverfismarkmiðum skv. 11. gr. sömu laga og nánar er fjallað um í Vatnatilskipun Evrópusambandsins (Directive 2000/60/ESB).
- Framkvæmdin er háð starfsleyfi sem Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra veitir vegna vinnubúða og starfsemi sem fylgir efnistöku. Í gildi er reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Um er að ræða atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, eins og vinnslu jarðefna, vinnubúðir, farandsalerni og -eldhús, aðstöðu fyrir olíuskipti o.fl.
- Um tímabundna mannvirkjagerð eins og vinnubúðir gilda ýmsar reglugerðir um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustað.
- Samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012, 23. gr. þarf samráð og leyfi Minjastofnunar Íslands vegna rasks á fornleifum.
- Samkvæmt lögum um landgræðslu nr. 155/2018, 13. gr. skal við hvers kyns leyfis-skyldar framkvæmdir sem geta haft áhrif á gróður og jarðveg sýna sérstaka aðgát til að lágmarka rask og leitast við að endurheimta vistkerfi sem verða fyrir raski. Í 18. gr. kemur fram að ekki má ráðast í varnaraðgerðir til að koma í veg fyrir landbrot nema í samráði við Land og skóga.
- Þar sem veglína skarast við helgunarsvæði háspennulínu þarf náð samráð við eiganda hennar um útfærslur. Engar framkvæmdir verða innan helgunarsvæðis háspennuvirkis í rekstri nema fyrir liggi heimild frá viðkomandi raforkuflutningsaðila.

Auk þess er Ísland aðili að ýmsum alþjóðlegum samþykktum sem þarf að uppfylla, t.d. samningi um líffræðilega fjölbreytni sem gerður var í Rio de Janeiro 1992 og Bernar-samningi sem fjallar um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu.

2 Staðhættir á framkvæmdasvæði

2.1 Staðhættir

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er á austanverðu Vatnsnesi í dreifbýli sveitarfélagsins Húnaþings vestra á Norðurlandi vestra. Hvammstangi er stærsti þéttbýliskjarni Húnaþings vestra og stendur hann á vestanverðu Vatnsnesi um 6 km frá Hringveginum. Í Húnaþingi vestra bjuggu 1.203 manns þann 1. janúar 2025. Þar af bjuggu 607 á Hvammstanga.⁵

Um Vatnsnesið liggur Vatnsnesvegur (711) sem er tæplega 77 km langur. Upphaf hans er í miðbæ Hvammstanga og endir hans við Hringveg í landi Neðra Vatnshorns. Á heimasíðu Húnaþings vestra kemur fram að blómleg byggð og mikið útræði var á öldum áður á Vatnsnesi, en við lok 20. aldar fór byggðinni hnignandi og bæir fóru í eyði. Mörg af bestu fjárbúum landsins eru á Vatnsnesi enda nesið grösugt og gott til beitar. Mikil sel-látur eru víða á Vatnsnesi og mjög fjölskrúðugt fuglalíf. Byggðir hafa verið upp selaskoðunarstaðir og ferðapjónusta á neginu hefur aukist nokkuð á liðnum árum. Helstu áningarstaðir á og við nesið, fyrir utan Hvammstanga, eru Ánastaðastapar, Illugastaðir, Svalbarð, Hvítserkur og Borgarvirki.⁶

Síðuvegur (716) liggur á milli Hringvegur (1) og Vatnsnesvegur (711) á austanverðu Vatnsnesi. Hann tengist Hringveginum í grennd við Víðidalsá og er mikið nýttur af vegfarendum sem eru á leiðinni á Vatnsnes en þó einkum að ferðamannastöðunum Borgarvirki og Hvítserk. Í grennd við Hringveginn er lítið útskot hægra megin á veginum með upplýsingaskilti um Vatnsnes.



↑ Mynd 6

Upplýsingaskilti á útskoti í grennd við Hringveginn (mynd <https://ja.is/kort/?q=>).

⁵ Hagstofa Íslands, 2025.

⁶ Húnaþing vestra, 2025.

2.2 Núverandi vegur og brú

Núverandi **Síðuvegur (716)** er 5,76 km langur og liggur af Hringvegi hjá Víðidalssá að Vatnsnesvegi (711) við bæinn Grund. Á veginum eru ein vegamót, við **Borgarveg (717)**, auk vegamóta við **Hringveg (1)** þar sem vegurinn hefst og við **Vatnsnesveg (711)** þar sem vegurinn endar.

Síðuvegur (716) er mjór malarvegur og skiptist í tvo kafla 01 og 02 sem skiptast við vegamót Borgarveg (717) og Síðuvegar (716).

Vegkafla 01 liggur til norðurs frá Hringveginum (1) að vegamótum við Borgarveg (717) en þar er Borgarvegur (717) í beinu framhaldi af Síðuvegi (716) og er því ráðandi. Á umræddum kafla er ristarlið við stöð 820 og merkt blindhæð við stöð 1700. Á Síðuvegi (716) er mjög kröpp beygja á vegamótunum við Borgarveg(717), en þar er engin biðskylda og vegamótin því skiltuð sem hættuleg vegamót. Núverandi stöðvanúmer á kafla 01 eru 0-3490.

Vegkafla 02 liggur frá vegamótum við Borgarveg (717) og tekur vegurinn stefnu til vesturs í átt að klapparnámu, svokölluðu Tagli, sem er í landi Bjarghúsa. Náman er í klapparbelti norðan við bæinn Bjarghús þar sem vegurinn sker klapparbeltið. Umferðarmerki um leiðbeinandi 60 km/klst. hámarkshraða eru sitt hvorum megin við klapparnámuna ásamt viðvörðunarkerkjum um hættulegar beygjur og blindhæð. Frá námunni beygir vegurinn nokkuð krappt til vesturs fram hjá bæjarstæði og túnnum Bjarghúsa að T-vegamótum við Vatnsnesveg (711). Við heimreið Bjarghúsa eru krossvegamót sem standa á blindhæð og eru sú vegamót skiltuð sem hætta og blindhæð. Núverandi stöðvanúmer á kafla 02 eru 0-2270.



↑ Mynd 7

Vegamót Síðuvegar (716) og Borgarveg (717) (mynd <https://ja.is/kort/?q=>).



↑ Mynd 8

Krossvegamót við Bjarghús (mynd: <https://ja.is/kort/?q=>).



↑ Mynd 9

Útskot á núverandi vegi skammt frá námunni Tagli (mynd: <https://ja.is/kort/?q=>).

Rétt áður en komið er að vegamótum við Vatnsnesveg (711) er einbreið brú á Reyðarlæk. Brúin sem var byggð árið 1964 er 10 m löng og 3,2 m á breidd.



↑ Mynd 10

Núverandi brú á Reyðarlæk, mynd úr myndabanka Vegagerðarinnar.

Samkvæmt vegaskrá Vegagerðarinnar flokkast núverandi Síðuvegur (716) sem tengivegur af vegtegund C₇, en er um 5 m breiður malarvegur. Víða á veginum eru merkt útskot með breiðari vegöxlum sem gera bílum auðveldara fyrir að mætast. Leyfður hámarkshraði á núverandi vegi er alls staðar 80 km/klst.

Á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði eru tengingar að tveimur býlum. Annars vegar eru T-vegmót við Síðu og hins vegar eru krossvegamót við Bjarghús. Að Bjarghúsum liggur vegur sem er á vegaskrá, Bjarghúsavegur (7152), sem er vísbending um heilsársbúsetu. Vegtenging að Síðu er ekki á vegaskrá.

**↑ Mynd 11**

Síðuvegur (716) við bæinn Síðu. Gömul útihús eru ofan vegar (mynd: <https://ja.is/kort/?q=>).

Við býlin eru tún beggja vegna meðfram núverandi vegi og djúpir skurðir. Talning á tengingum út frá loftmyndagrunni Vegagerðarinnar bendir til að auk ofangreindra tenginga séu a.m.k. 8 aðrar tengingar, m.a. inn á tún og að námu. Í landi Síðu er tenging, 1,3 km frá Hringveginum, sem liggur að 1 ha landareign. Á henni er nú hjólhýsastæði sem er um 40 m frá núverandi vegi.

**↑ Mynd 12**

Hjólhýsastæði vinstra megin við Síðuveg (716) (mynd: <https://ja.is/kort/?q=>).

Planlega núverandi vegar er sæmileg fyrir utan staði með kröppum beygjum við námuna Tagl. Hæðarlegu vegarins er víða ábótavant með verulega skertum sjónlengdum bæði á kaflanum frá Hringvegi (1) að Borgarvegi (717) sem og við Taglnámu og Bjarghús. Girðingar eru beggja vegna meðfram Síðuvegi (716), víðast í góðri fjarlægð frá honum.

**↑ Mynd 13**

Kröpp beygja á núverandi vegi við námuna Tagl (mynd: <https://ja.is/kort/?q=>).



↑ Mynd 14

Horft upp brekkuna hjá Bjarghúsum í átt að Tagli (mynd: <https://ja.is/kort/?q=>).



↑ Mynd 15

Brú á Reyðarlæk og vegamót við Vatnsnesveg (711) (mynd: <https://ja.is/kort/?q=>).



↑ Mynd 16

Vegamót við Vatnsnesveg (711) og brú á Reyðarlæk og (mynd: <https://ja.is/kort/?q=>).

Skoðunarferð Vegagerðarstarfsmanna um Síðuveg (716) vorið 2023 gaf til kynna að um veginn færi mikil umferð ferðamanna og sást vel að uppbyggingu vega á svæðinu var á-bótavant. Algengt var að ferðamenn væru í vandræðum vegna bifreiða með sprungin dekk. Einnig er meiri umferð um Síðuveg (716) en Borgarveg (717) og því nauðsynlegt að Síðuvegur (716) verði ráðandi fram yfir Borgarveg (717).

2.3 Samgöngur og umferðaröryggi

Fremur lítil umferð er um Síðuveg (716), sjá töflu 3. Framkvæmdir verða á öllum veginum, en vegurinn skiptist í tvo vegkafla:

- **Kaflí 716-01**, Hringvegur (1-k6) – Borgarvegur (717-01)
- **Kaflí 716-02**, Borgarvegur (717-01) – Vatnsnesvegur (711-07)

↓ Tafla 3

Meðaltals umferðartölur árin 2021, 2023 og 2024 á Síðuvegi (716) (heimild: veggagnabanki Vegagerðarinnar)

Ár	Kaflí	Lengd km	Árdags-umferð	Sumardags-umferð	Vetrardags-umferð	Eknir þ. km
2021	Kaflí 01	3,49	105	230	21	136
	Kaflí 02	2,27	78	165	21	65
2023	Kaflí 01	3,49	165	325	38	211
	Kaflí 02	2,27	110	210	40	89
2024	Kaflí 01	3,49	155	310	41	197
	Kaflí 02	2,27	130	260	35	109

Á árunum 2021-2024 jókst umferð um Síðuveg (716) og þar með á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.

Út frá ársdagsumferð (ÁDU) árið 2024 hér að framan, var reiknuð hönnunarumferð vegarins (ÁDU_h), skv. kafla 1.2 í veghönnunarreglum Vegagerðarinnar. Reiknuð voru 29 ár fram í tímann til ársins 2053. Vöxtur var áætlaður 3% út frá mælingum með teljara í samráði við umferðadeild.

Ekki liggja fyrir sérstakar talningar á þungum bílum en gert ráð fyrir að það sé 10% af ÁDU. Niðurstöður eru sýndar í töflu 4.

→ Tafla 4

Áætlaðar umferðartölur árið 2053.

Vegnúmer	ÁDU _a	ÁDU _h	Vegtegund
716-01	365	525	C ₈
716-02	306	440	C ₇

Vetrarþjónusta á Síðuvegi (716) felst í helmingamokstri að beiðni Húnapings vestra. Í Veggagnabanka Vegagerðarinnar er að finna upplýsingar um greiningu og flokkun slysa, meðal annars fjölda umferðaslysa og tíðni þeirra. Á kafla 716-01 eru skráð 2 slys á árunum 2019-2024, annað með minniháttar meiðslum og hitt með engum meiðslum. Á kafla 716-02 eru engin skráð slys á umræddu tímabili. Þrátt fyrir að á Síðuvegi (716) séu krappar beygjur, blindhæðir og einbreið brú er slysa-tíðni ⁷ ekki há.

⁷ Slysatíðni er fjöldi óhappa á hverja milljón ekinna kílómetra.

3 Kostir og framkvæmdalýsing

Við undirbúning framkvæmdarinnar var miðað við að breyta núverandi vegi eins lítið og hægt er. Hönnunarforsendur eru eftirfarandi:

- Endurbyggður vegur og tengingar við Borgarveg (717) og Vatnsnesveg (711) verða af vegtegund C₇ (skert), þ.e. 6,5 m breiður vegur
- Hönnun burðarlaga miðar við 20 ára líftíma
- Gert er ráð fyrir að fyllingar- og skeringafláar verði 1:3
- Hönnunarhraði verður á bilinu 70 til 90 km/klst
- Hönnunaröxulþungi 11,5 tonn

3.1 Valkostir

Við undirbúning endurbóta á Síðuvegi (716) er miðað við að fylgja núverandi vegi þar sem það er mögulegt vegna umferðaröryggis. Vegurinn verður breikkaður úr 5 m í 6,5 m og vegfláar og skeringar gerðar meira aflíðandi til að auka öryggi. Framkvæmdasvæðið mun því ná út fyrir núverandi veg.

Nýr vegur verður um 5,8 km langur og fylgir núverandi Síðuvegi (716) að mestu leyti. Til skoðunar er hönnun tveggja veglína sem báðar hafa upphafsstöð í stöð 0 á núverandi Síðuvegi (716), við Hringveg (1). Báðar veglínur hafa einnig sömu endastöð við tengingu Vatnsnesvegar, kafla 711-07, í stöð 100. Vegamót við Vatnsnesveg (711) verða uppfærð í tengslum við byggingu nýrrar tvíbreiðrar brúar við Reyðarlæk í stað einbreiðrar brúar. Borgarvegur (717) mun tengjast Síðuvegi (716) örlítið vestan við núverandi vegamót og mun Síðuvegur (716) verða ráðandi.


3.1.1 Veglína A

Veglína A er 5,7 km löng veglína sem tekur mið af 90 km/klst. hönnunarhraða að undanskilinni veglínu í gegnum námuna Tagl þar sem gert er ráð fyrir hraðalækkun í 70 km/klst. með 70 km/klst. sem hönnunarhraða.

Upphaf framkvæmdar er í stöð 0 og fylgir veglínan núverandi vegi með auknum beygjuradíusum í um 3,2 km að vegamótum við Borgarveg (717). Þaðan tekur við bogi í vestur átt að klapparnámunni Tagli þar sem veglínan tengist aftur núverandi vegi með skertum beygjuradíusum að tengingu við Bjarghús. Við klöppina er gert ráð fyrir aukinni axlabreidd og vegriðum beggja vegna vegarins. Áfram fylgir veglínan núverandi vegi beint í vestur í átt að Vatnsnesvegi (711).

Hæðarlegu veglínunnar er að viðmiði lyft um 0,80 m frá núverandi yfirborði vegar. Planlegan fylgir núverandi vegi að mestu fyrir utan, um 900 m kafla (3300-4200) þar sem vegurinn verður með $r=400$ m boga utan núverandi vegsvæðis. Blindhæð og skert sjónlína við Síðu verða lagaðar, einnig verður blindhæð við Bjarghús löguð. Við klapparnámuna verður veglínunni hliðrað lítilega til vesturs milli stöðva 4200-4400 og fyllt í brekku en milli stöðva 4420- 4600 er tekin skering til að jafna hallann. Halli í kringum stöð 4700 er 7,9%.

Ekki er skorið í berg við klettabeltið við námu E-43 Tagl við Bjarghús því talið er torvelt að vinna í kringum það.



↑ Mynd 17

Lega veglína A um fyrirhugað framkvæmdasvæði, skeringar eru ljósbláar, fyllingar dökkbláar (loftmynd: Loftmyndir ehf.).

3.1.2 Veglína B

Veglína B er 5,8 km löng veglína sem tekur mið af 90-100 km/klst. hönnunarhraða. Upphaf framkvæmdar er í stöð 0 og fylgir núverandi vegi beint til að byrja með en liggur síðan í stórum boga að Síðu. Við landamörk Síðu í stöð 800 er veglína tekin út fyrir núverandi veg og aftur við blindhæð, stöð 1500-1800, þar sem vegurinn yrði lagður í skeringu.



↑ Mynd 18

Lega veglína B um fyrirhugað framkvæmdasvæði, skeringar eru ljósbláar, fyllingar dökkbláar (loftmynd: Loftmyndir ehf.).


Frá bæjarstæði Síðu fylgir veglína B núverandi vegi til norðurs. Við vegamót Borgarvegar (717) tengist beini leggurinn við heilan hringboga að vegi í gegnum klapparnámuna Tagl. Hringboginn liggur á fyllingu um 100 m norðan við núverandi veglínu og kemur inn á núverandi beygju við námuna, í stöð 4040. Veglínu er hliðrað til vesturs frá klöppinni og þar yrði hann lagður á fyllingu. Gert er ráð fyrir aukinni axlabreidd og vegriðum beggja vegna vegarins. Skering er tekin í núverandi veg við klöpp milli stöðva 4200-4400 til að jafna halla í brekkunni sem yrði 6,6%.

Við Bjarghús er beygjuradíus stækkaður og hliðrast veglína um 25 m til norðurs þar sem nú eru óræktað land, skurðir og rafmagnskassi. Veglínan tekur síðan stefnu vestur að Vatnsnesvegi (711) fylgjandi núverandi vegi.

3.1.3 Samanburður

Veglína A fylgir núverandi vegi betur og hefur minni áhrif á landslagið en veglína B. Á móti kemur að veglína B uppfyllir betur skilyrði fyrir 90 km/klst. hámarkshraða. Veglína B byggir á herra uppbyggðum vegi en veglína A og er með betri hæðar- og planlegu. Veglínan fer meira út fyrir núverandi veg og kallar á meiri fyllingu. Um leið er kostnaður vegna veglínu B hærri en vegna veglínu A, sjá kafla 3.7.

Lagt er til að leggja veginn samkvæmt veglínu B, til að uppfylla öryggismarkmið framkvæmdarinnar.




↑ Mynd 19

Lega veglínu A og B um fyrirhugað framkvæmdasvæði, skeringar eru ljósbláar, fyllingar dökkbláar (loftmynd: Loftmyndir ehf.).

3.2 Framkvæmdalýsing

3.2.1 Endurbyggður vegur

Framkvæmdin felur í sér endurbyggingu **Síðuvegar (716-01)** á **5,8 km** kafla. Framkvæmdir verða að mestu innan núverandi vegsvæðis, nema á kafla við vegamót Borgarvegar (717) og við námuna Tagl. Lítil breyting verður á vegalengdum.



↑ Mynd 20

Þversnið skertrar vegtegundar C₇ (mynd: Viðar Jónsson hjá Mannvit 2020).

Vegurinn verður gerður samkvæmt skertri vegtegund C₇, sem er 6,5 m breiður vegur með 6,0 m breiðri akbraut og 0,25 m breiðum öxlum. Vegurinn verður með bundnu slitlagi og hönnunarhraði verður að jafnaði ≥ 90 km/klst.. Umferðarrýmd er ≤ 500 bílar á sólarhring. Öxulþungi verður 11,5 tonn.

Planlega og hæðarlega vegarins verður löguð og vikið út frá núverandi vegi þar sem það er nauðsynlegt til að uppfylla öryggiskröfur veghönnunar. Til að draga úr alvarleika útafaksturs er þörf á öryggissvæði meðfram vegum. Halli í vegköntum í fyllingum (vegflái) verður alla jafna ekki brattari en 1:3. Vegrið verða þar sem bratt er fram af veginum. Með því að hafa vegrið meðfram veginum er hægt að hafa vegfláa brattari og því hægt að draga úr umfangi fyllinga og raskaðs svæðis.

Veglínan fylgir víðast núverandi vegi og undirstaðan víðast þétt og þurr.

Tengingar við heimreiðar Síðu og Bjarghúsa verða aðlagðar nýrri veglínu í plani og hæð. Einnig er gert ráð fyrir að kross vegamót við Bjarghús verði afnumin og gerð tvö T-vegamót.

Við klapparnámuna er ekki talið æskilegt að ný veglína skeri námusvæðið E-43 Tagl við Bjarghús en það þarf að endurskoða í samræmi við framtíðar áform um efnistöku úr námunni.

3.2.2 Brú á Reyðarlæk

Byggð verður ný brú yfir Reyðarlæk og gert ráð fyrir að núverandi brú sem er einbreið verði rifin. Núverandi brú var byggð 1964 og er 10 m löng og 3,8 m breið. Vatnafar frumdraga tekur mið af 10 m virku vatnsopi og gert er ráð fyrir að ný brú verði 14 m löng, byggð á staurum. Vatnasvið miðast við 78 km² og afrennslisstuðull vatnasviðsins fyrir ofan núverandi vatnsop er 1,3 m³/s á km². 100 ára hönnunarflóð er því 100 m³/s.



↑ Mynd 21

Þrívíddarmynd af brú yfir Reyðarlæk án vegar (Hönnunardeild Vegagerðarinnar).

3.2.3 Ræsi

Á núverandi Síðuvegi (716) eru samtals 11 ræsi sem eru á bilinu 0,3-1,7 m að þvermáli. Ræsi verða endurnýjuð og staðsett þar sem búast má við rennandi vatni, bæði þar sem er sírennandi vatn og þar sem myndast geta vatnsfarvegir í leysingum að vori og þegar úrkoma er mikil. Ræsum verður ennfreður komið fyrir þar sem hættu er á að vatn geti safnast fyrir við veginn. Við ákvörðun á vatnsopum nýrra ræsa verður tekið mið af vatnsopum á núverandi vegi og mögulega verða þau minnstu stækkuð. Einnig er mögulegt að ræsum fjölgi við endurbyggingu vegarins.

3.2.4 Efnispörf

Í aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014-2026 eru sýndar 47 efnisnámur víðs vegar um sveitarfélagið. Í grennd við Síðuveg (716) eru 8 námur sem koma til greina fyrir efnistöku út frá upplýsingum sem aflað var vegna framkvæmda á svæðinu árið 2025. Þær eru allar minni en 250.000 m² að flatarmáli og efnismagn minna en 500.000 m³.

Magntölur eru byggðar á landlíkani og samkvæmt hönnun frumdraga er áætluð efnispörf framkvæmdarinnar um 158-252 þús m³. Fyrirhugað er að efnistaka úr skeringum sé að öllu leyti nýtt í fláafleyga. Umfram efnispörf í fyllingar verður sótt í námur.

→Tafla 5

Áætluð efnispörf fyrir samanbornar veglínur.

	Veglína A magn í m ³	Veglína B magn í m ³
Slitlag	1.400	1.400
Burðarlag	10.000	10.200
Styrktarlag	24.000	25.000
Fyllingar og fláafleygar	123.000	215.000
Samtals	158.400	251.600
Skeringar	23.000	13.000
Efni úr námum	135.400	238.600


3.2.5 Efnistaka

Val á efnistökusvæðum vegna framkvæmdarinnar liggur ekki fyrir en gert er ráð fyrir nýtingu náma sem næst eru framkvæmdarsvæðinu, til að lágmarka flutningsvegalengdir og til að röskun á umferð um veginn verði sem minnst. Á mynd 22 sést staðsetning mögulegra náma. Þær eru gróflega afmarkaðar og mögulegt að afmörkunin breytist eitthvað á framkvæmdatíma. Ekki er búið að fullrannsaka efnistökuastaðina en við rannsóknir geta komið í ljós góð efnistökusvæði, meðal annars í skeringum sem yrðu þá hugsanlega útvíkkaðar.

Allar námurnar sem eru til skoðunar nema Þúfulækur er að finna í námuskrá Vega-gerðarinnar og því hefur áður verið tekið efni úr þeim. Flestar eru lokaðar og frágengnar.

Möguleiki á burðarlags- og klæðingarefni á svæðinu virðist vera í Tagli við Bjarghús.

Efnistaka úr námum verður ekki meiri en sú sem þarf til framkvæmdarinnar. Endanleg ákvörðun um efnistöku úr hverri námu verður tekin að loknum rannsóknum.



↑ Mynd 22

Staðsetning mögulegra efnistökuastaða. Fyrirhugað er að nota dökkbláa námu í klæðingar og burðarlág, ljósbláa námur í styrktarlág og grænar námur í fyllingar (Loftmynd: Loftmyndir ehf.).

→ Tafla 6

Gróf áætlun um mögulega efnistöku úr hverri námu.

Náma	Heiti jarðar	Landeigna-númer	Efnisgerð	Flatarmál námu m ²	Efnis-magn m ³	Á aðal-skipu-lagi	Staða
Tagl við Bjarghús	Bjarghús	L144519	storkuberg	14.530	9.600	já E-43	ófrágengin
Grundarnáma	Grund	L144535	setnáma	8.610	20.000	nei	ófrágengin
Klambranáma	Klambrar	L144545	setnáma	22.240	20.000	nei	frágengin
Móamelar 1	Böðvarshólar	L144527	setnáma	38.900	20.000	já E-37	hálfbrágengin
Hörgshóll II	Hörgshóll	L144541	setnáma	50.420	Ekki vitað	Já E-38	frágengin
Galtarnesnáma	Galtarnes	L144608	setnáma	91.090	Ekki vitað	nei	frágengin
Dalsá-Viðidal	Sólbakki	L144634	setnáma	71.440	24.200	nei	frágengin
Púfulækur	Jörfi	L144617	setnáma	58.210	Ekki vitað	nei	frágengin

3.2.6 Vegtengingar

Í kafla 2.2. er fjallað um núverandi veg, en tengingar að honum eru 11 talsins, flestar þeirra eru að bæjarstæðum og túnum. Einnig eru vegamót við Borgarveg (717). Ekki er talið líklegt að hægt sé að fækka vegtengingum til að auka umferðaröryggi, en það verður kannað í for- og verkhönnun, áður en framkvæmdir hefjast.

3.3 Frágangur**3.3.1 Núverandi vegur**

Þeir kaflar núverandi vegar sem ekki nýtast að framkvæmdum loknum, verða fjarlægðir í samráði við landeigendur.

3.3.2 Reiðleið

Vegagerðin gerir ráð fyrir reiðfærri leið meðfram Síðuvegi (716). Skipulagsuppdætti er fylgt við tilhögun reiðleiðar en sett er fram sú tillaga að sleppa reiðleið meðfram Síðuvegi (716) á kafla 02, milli Borgarvegar (717) og Vatnsnesvegar (711) og láta reiðleið meðfram Vesturhópsvatni duga sjá Mynd 5.

3.3.3 Námur og önnur röskuð svæði

Við framkvæmdir verður reynt að raska gróðri og jarðvegi sem minnst. Skeringar og námur verða ekki hafðar opnar lengur en nauðsyn krefur. Öllum lífrænum jarðvegi sem finnst á yfirborði náma og skeringa verður ýtt í haug áður en efnistaka hefst og hann geymdur til að nota við frágang þegar efnistöku lýkur. Við frágang verður flutt til efni í jöðrum náma og skeringa til að aðlaga þær sem best að landinu í kring.

Frágangi á vegskeringum og námum verður hagað þannig að ekki myndist vindálag á lausan jarðveg. Röskuð svæði verða mótuð í samræmi við landslag og halla umhverfis. Brúnir efnistökusvæða og skeringa verða afrúnnaðar til að minnka hættu á rofi og aðlagaðar að landinu í kring og lífrænum jarðvegi jafnað yfir, sé hann fyrir hendi.

Til að forðast að brjóta upp landslagsheildir verður almennt ekki ráðist í uppgræðslu á skeringum eða námusvæðum ef landið í kring er ógróið eða þar sem æskilegt er að náttúruleg gróðurframvinda verði látin ráða.

Öll efnistaka og frágangur verður í samráði við umsjónarmann Vegagerðarinnar, landeigendur og Húnaþing vestra. Vanda þarf allan frágang þeirra svæða sem raskað

verður vegna framkvæmdarinnar. Í útboðsgögnum verður greint frá hvernig haga skuli frágangi vegkanta, fyllinga, skeringa og náma.

3.4 Vinnubúðir og aðstaða verktaka


Verktaki skal afla tilskilinnna leyfa til uppsetningar vinnubúða og skal það gert í samráði við umsjónarmann Vegagerðarinnar, Heilbrigðiseftirlit og Húnaþing vestra. Vinnubúðir og vinnu-aðstaða munu standa á meðan framkvæmdum stendur en verða fjarlægð að framkvæmdum loknum. Gengið verður vel frá svæðunum, svo að ummerki um framkvæmdir hverfi fljótt.

3.5 Mannafloppörf

Vegna umfangs verksins má búast við að einhver störf skapist á framkvæmdartíma vegna brúarbyggingar og vegavinnu.

3.6 Mannvirki

Upplýsingar um lagnir á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði liggja fyrir. Á því er jarðstrengur frá Rarik og ljósleiðari Mílu. Allar framkvæmdir í grennd við lagnir verða í samráði við viðkomandi veitufyrirtæki. Í útboðsgögnum og við endurbyggingu vegarins verður lega þessara lagna kynnt, til að forðast megi að fjarskiptalögnum eða raflögnum verði raskað.



↑ Mynd 23

Lagnir við fyrirhugað framkvæmdasvæði. Veglína A er gul en veglína B er rauð (loftmynd: Loftmyndir ehf.).

3.6.1 Jarðstrengur

Jarðstrengur frá Rarik liggur hægra megin meðfram Síðuvegi (716) á tæplega 3,5 km kafla frá Síðu í stöð 2200 á kafla 01 að Reyðarlæk í stöð 2200 á kafla 02 (sjá umfjöllun um stöðvanúmer í kafla 2.3). Frá Síðu liggur strengurinn í um 35 m fjarlægð frá vegöxl vegar að tengiskáp Rarik við stöð 3290 á kafla 01. Þar mun vegurinn færast nær strengnum og verða í um 10 m fjarlægð. Strengurinn liggur undir Borgarveg (717), og fylgir Síðuvegi (716) að óbreyttu að námu við Tagl. Þaðan liggur hann fjær framkvæmda-svæðinu en tengist svo öðrum tengiskáp við stöð 1180 á kafla 02 í um 18 m fjarlægð frá vegöxl. Frá skápnum liggur annar strengur yfir veginn beint í suður átt að Bjarghúsum. Frá tengiskápnum liggur svo strengurinn áfram í 35 m fjarlægð meðfram Síðuvegi (716) í vestur átt. Ljósleiðari og rafstrengur liggja einnig um námurnar Hörghól II, Grund og Klambranámu.

3.6.2 Fjarskipti

Ljósleiðari Milu liggur í sama ídrætti og jarðstrengur, sjá kafla 3.6.1.

3.7 Framkvæmdatími og kostnaður

Niðurstaða kostnaðaráætlunar frumdraga fyrir Síðuveg (716) nemur 997-1.292 milljónum kr., háð vali á veglínunum, sjá Tafla 6. Verð vegagerðar nemur 782-1.076 milljónum kr., háð vali á veglínunum. Það miðast við vísitölu áætlana í febrúar 2026 og er með 30% ófyrirséðum kostnaði. Verð brúar yfir Reyðarlæk miðast við vísitölu febrúar 2026 með 30% óvissu og er 216 m.kr.

→ Tafla 6

Kostnaðaráætlun frumdraga í milljónum kr.

	Veglína A	Veglína B
Samtals	997	1.292

Framkvæmdaáætlun fyrir ýmsa kafla á Vatnsnes- (711) og Síðuvegi (716) liggur ekki fyrir en í þingsályktunartillögu að samgönguáætlun 2026-2040 er gert ráð fyrir 365 m.kr. árið 2027, 400 m.kr. árið 2028, 700 m.kr. árið 2029, 500 m.kr. árið 2030 og 5.535 m.kr. á árunum 2031-2035.

3.8 Rekstur

Eftir að framkvæmdum lýkur tekur við rekstur mannvirkisins sem felst m.a. í viðhaldi og þar með talið snjómokstri. Þegar umferð hefur verið hleypt á veginn hefur reksturinn áhrif á öryggi samgangna. Rekstrarkostnaður Vegagerðarinnar er m.a. háður vegalengd, umferð og vetraraðstæðum á vegi.

Í kafla 2.3. kemur fram að vetrarþjónusta er á Síðuvegi (716), þar sem er helmingamokstur að beiðni Húnaþings vestra.

Líklega verða litlar breytingar á rekstri vegarins eftir að vegaframkvæmdum lýkur. Viðhald og rekstur á nýjum vegi mun fylgja þeim viðmiðunar- og vinnureglum sem almennt eru viðhafðar á vegakerfinu og byggjast m.a. á vegflokki, umferð o.þ.h. Innviðaráðuneytið (innviðaráðherra) ákvarðar snjómokstursreglur.

4 Umhverfis- og framkvæmdaþættir

Skilgreindir eru þeir umhverfisþættir sem líklegt er að verði fyrir áhrifum vegna fyrirhugaðra framkvæmda og hvaða framkvæmdaþættir það eru sem valda þeim.

4.1 Þættir sem líklega valda umhverfisáhrifum

Eftirfarandi eru þættir sem líklegir eru til að valda umhverfisáhrifum:

4.1.1 Vegagerð og brúargerð

Umhverfisáhrif vegagerðar og byggingu brúa fara eftir staðsetningu og hönnun, stærð vegsvæðis og frágangi.

Helstu áhrif við endurbætur á Síðuvegi (716) felast í bættum samgöngum og meira umferðaröryggi. Einnig verða breytingar á því landsvæði sem fer undir veg eða námur, t.d. þar sem framkvæmdin fer yfir lítt snortið land, gróin svæði eða mannvistarleifar. Núverandi vegur liggur í landslaginu og skiptir landinu upp. Engin breyting verður á því. Endurbygging vega hefur mun minni áhrif á landslag og ásýnd en lagning nýs vegar.

Umferð vinnuvéla á framkvæmdartíma hefur áhrif á hættu á mengunarslysum, hávaða, ryk- og útblástursmengun. Bygging vega krefst mikilla auðlindanotkunar sem hefur óhjákvæmilega í för með sér losun gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið.

Endurbyggður vegur er hannaður til að auka umferðaröryggi vegfarenda og bæta samgöngur. Á rekstartíma geta bættar samgöngur haft margvísleg áhrif, t.d. á byggð á svæðinu, ferðaþjónustu/útivist og opinbera þjónustu. Þá hafa breyttar samgöngur áhrif á útblástur mengandi efna frá umferð og geta dregið úr kolefnisspori frá umferð vegna betri og jafnari plan- og hæðarlegu.

4.1.2 Efnistaka

Umhverfisáhrif efnistöku eru háð staðsetningu vegar og náma, efnispörf framkvæmdarinnar og frágangi náma að efnistöku lokinni.

Við lagningu vegarins þarf efni í klæðingu, styrktarlag, burðarlag, fyllingar og fláafleyga. Efnistaka getur haft áhrif á gróður, dýralíf, mannvistarleifar eða jarðmyndanir. Einnig breytist landslagið.

4.2 Umhverfisþættir sem geta orðið fyrir áhrifum

Vegagerðin hefur metið hvort líklegt sé að fyrirhuguð framkvæmd hafi veruleg áhrif á umhverfið. Þeir umhverfisþættir sem framkvæmdin getur haft áhrif á eru:

- | | |
|-------------------------------------|---------------------------------------|
| → mannlíf, útivist og ferðaþjónusta | → landslag, jarðmyndanir og vatnshlot |
| → heilsa, öryggi og samgöngur | → vistgerðir, gróðurfar og dýralíf |
| → landnotkun | → fornleifar |

Fyrirhugað framkvæmdasvæði fylgir núverandi vegi og liggur því að stærstum hluta um land sem áður hefur verið raskað með mannvirkjagerð. Vegagerðin telur að framkvæmdin hafi ekki í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfið vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar.


5 Möguleg umhverfisáhrif

Fyrirhugaðar framkvæmdir á Síðuvegi (716) falla undir 19. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Í tilkynningu framkvæmdar eru talin upp þau áhrif sem talið er að framkvæmdin geti haft á umhverfispætti og tekin ákvörðun um matsskyldu framkvæmdar út frá þeim.

5.1 Mannlíf, útivist og ferðaþjónusta

Hornsteinn atvinnulífs á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði er landbúnaður auk ferðaþjónustu. Sauðfjárrækt er alfarið í kringum framkvæmdarsvæðið og ræktunarland er í kringum býlin Síðu og Bjarghús.



↑ Mynd 24

Áhugaverðir ferðamannastaðir í grennd við fyrirhugað framkvæmdarsvæði sem innan rauðrar brotalinu (Vefsja Ferðamálastofu, <https://geo.alta.is/fms/stadir/>).

Búið er á Bjarghúsum en Síða er eyðibýli. Í landi Síðu, í 1,3 km fjarlægð frá Hringveginum er tenging sem liggur að 1 ha frístundahúsalóð. Á lóðinni er nú hjólhýsastæði sem er í um 40 m fjarlægð frá núverandi vegi.

Engin þekkt ferðapjónusta eða ferðamannastaður er við Síðuveg (716). Ferðapjónusta er mikil við Vatnsnesveg (711) norðan vegamóta við Síðuveg (716), en Vatnsnesvegur (711) liggur að Hvítserk sem er mjög vinsæll ferðamannastaður. Einnig liggur Borgarvegur (717) frá Síðuvegi (716) en þar er Borgarvirki sem er einnig vinsæll ferðamannastaður. Norðan við Síðuveg (716) má finna hótél, farfuglaheimili og stóra frístundabyggð. veiði er stunduð við Vesturhópsvatn, við suðurhluta vatnsins í landi Bjarghúsa.

Við Breiðabólstað, vestan Síðuvegar (716), stendur Breiðabólstaðarkirkja og norðar við Vatnsnesveg (711) stendur Vesturhópshóla kirkja.

Göngu- og reiðleiðir í sveitarfélaginu eru margar. Frá Vatnsnesvegi (711) við vesturenda Síðvegar liggur göngu- og reiðleið um Heydal frá Breiðabólstað að Hvammstanga. Reiðleiðir eru samkvæmt skipulagi meðfram núverandi veglínu og fylgja í framhaldi Borgarvegi (717) og Vatnsnesvegi (711). Einnig er skilgreind reiðleið frá bænum Síðu norður með Víðidalásá.

Vegagerðin gerir ráð fyrir að reiðfært verði meðfram Síðuvegi (716). Skipulagsuppdætti er fylgt við tilhögun reiðleiðar en sett er fram sú tillaga að sleppa reiðleið meðfram Síðuvegi (716) á kafla 02, milli Borgarvegar (717) og Vatnsnesvegar (711) og láta reiðleið meðfram Vesturhópsvatni duga, sjá **Error! Reference source not found.**5 og kafla 3.3.2 um reiðleið.

Frekari upplýsingar um göngu- og reiðleiðir á svæðinu má finna á skipulagsuppdætti fyrir Aðalskipulag Húnaþings vestra 2014-2026, sjá **Error! Reference source not found.**5.

Samráð verður við landeigendur ef þörf er talin á gerð undirganga fyrir búfé.

Áhrif á mannlíf, útivist og ferðapjónustu

Á framkvæmdatíma skapast nokkur störf á svæðinu en umferð um svæðið mun raskast talsvert vegna umferðar þungra vinnuvéla. Vegfarendur um Síðuveg (716) á framkvæmda-kaflanum munu verða varir við framkvæmdina vegna hávaða, ryks og truflunar á umferð.

Að loknum framkvæmdum munu koma fram jákvæð áhrif á mannlíf, útivist og ferðapjónustu vegna öruggari og betri samgangna.

Telja má að með því að byggja veginn upp, breikka og leggja á hann bundið slitlag muni ferðatími styttest og þægindi aukast fyrir farþega og ökutæki.

5.2 Öryggi, samgöngur og heilsa

Í kafla 1.4 kemur fram að við núverandi veg eru tveir bæir. Bjarghús er með fastri búsetu, en Síða ekki með fastri búsetu. Annað íbúðarhúsið er í minna en 100 m fjarlægð frá vegi á þeim kafla sem fyrirhugað er að ný- og endurbyggja. Það er Síða, sem er í tæplega 90 m fjarlægð frá vegi. Ofan Síðuvegar (716), í landi Síðu er útihús sem er í aðeins 22 m fjarlægð frá veginum. Við breikkun vegarins færast hann nær útihúsinu.

Gera má ráð fyrir að eitthvert ónæði sé nú af hljóð- og rykmengun þar sem vegurinn liggur um byggðir en með klæðingu vegarins muni aðstæður þar batna.

Ef ekkert er gert til að auka öryggi á þeim vegi sem hér er fjallað um, er líklegt að aukin umferð á svæðinu hafi í för með sér minna öryggi fyrir vegfarendur og íbúa. Einnig munu rykmengun og umferðarhávaði aukast ef umferð eykst.

Áhrif á öryggi og samgöngur

Endurbyggður vegur verður á sama stað og núverandi vegur þar sem hann liggur fram hjá tengingum að Síðu og Bjarghúsum.

Umferð um svæðið mun raskast tímabundið meðan vegurinn verður endurbyggður. Þá gætu efnisflutningar úr námum haft áhrif á umferð, því hann fylgir núverandi vegi að stórum hluta, bæði á Hringvegi (1), Vatnsnesvegi (711) og á Síðuvegi (716).

Jákvæð umhverfisáhrif að loknum framkvæmdum eru töluverð. Þau felast í bættum samgöngum og meira umferðaröryggi þegar lagður hefur verið öruggari og breiðari vegur með bundnu slitlagi og betri hæðar- og planlegu í stað núverandi vegar. Ræsi í veginum verða endurnýjuð og vegkantar gerðir meira aflíðandi, þannig að þeir séu ekki brattari en 1:3, nema þar sem vegrið verða meðfram vegi. Einnig er talið að við lok framkvæmdanna verði minni hætta á snjósöfnun á veg og að vatn liggi á vegi. Við framkvæmdina eykst umferðaröryggi og samgöngur batna.

Áhrif á heilsu

Á framkvæmdatíma eykst hljóð- og loftmengun á framkvæmdasvæðinu vegna umferðar vinnuvéla. Að loknum framkvæmdum verður minni loftmengun og minni umferðarhávaði en nú. Með klæðingu vegarins, jafnari hæðarlegu og betri planlegu mun draga úr hávaða og mengun frá ökutækjum. Klæðing í stað malarslitlags mun draga verulega úr rykmengun frá veginum. Búast má við að hávaði frá umferð geti aukist verði meiri umferð um veginn.

Hætta á mengunarslysum næst framkvæmdasvæðinu eykst á framkvæmdatíma sérstaklega þar sem unnið er í grennd við vötn, ár og læki, en að loknum framkvæmdum verður hættan minni en í dag vegna öruggari vegar.

5.3 Landnotkun

Fjallað er um mannvirki á og í grennd við framkvæmdasvæðið í kafla 3.6. Fyrirhugað framkvæmdasvæði, námur og endurbyggður vegur verða við og í landi fjögurra jarða sem taldar eru upp í kafla 1.4 (→ Mynd 4).

Víða eru girðingar og skurðir meðfram núverandi vegi og sums staðar eru tún eða ræktað land. Ristarhlið er í veginum í grennd við Hringvegin, við stöð 830.

Samkvæmt Aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014-2026 er fyrirhugað framkvæmdasvæði á landbúnaðarsvæði. Stærsti hluti framkvæmdasvæðisins er innan vegsvæðis núverandi vegar. Tagl við Bjarghús E-43, Móamelar 1 E-37 og Hörgshóll II E-38 eru á aðalskipulagi en aðrar námur eru ekki á skipulagi (kafla 3.2.5) og þarf að breyta aðalskipulagi áður en efni yrði tekið úr þeim. Í aðalskipulagi er gert ráð fyrir reiðleið meðfram Síðuvegi (716).

Rafstrengur og ljósleiðari liggja meðfram vegi (sjá kafla 3.6).

Áhrif á landnotkun

Framkvæmdin mun hafa óveruleg áhrif á landnotkun á svæðinu sem hún liggur um því núverandi vegi verður fylgt að mestu leyti, eða samtals á um 3,0 km löngum köflum. Nýr vegur víkur frá núverandi vegi á 7 köflum þar sem vegurinn uppfyllir ekki öryggisskilyrði veghönnunar. Kaflarnir eru samtals 2,8 km langir en á þeim mun nýr vegur liggja við hlið núverandi vegar.

- Á 400 m kafla, milli stöðva 700-1100, þar sem núverandi vegur liggur nálægt Víðisdalsá, verður vegurinn færður fjær ánni, eða um allt að 35 m. Á þeim kafla verður beitolandi raskað.
- Á 850 m kafla, milli stöðva 1150-2000, þar sem eru brekkur og blindhæð verður vegurinn færður neðar í landið, eða um allt að 25 m. Þar verður túnjaðri raskað á um 160 m kafla, en annars verður farið um beitoland og vegsvæði.

- Á rúmlega 500 m kafla, milli stöðva 3500-4000, við vegamót Borgarvegar (717) verður vegurinn færður til um allt að 100 m, til að mögulegt sé að uppfylla veghönnunarreglur og þar mun framkvæmdin raska beitolandi.
- Á 180 m kafla, milli stöðva 4050-4230, við námuna Tagl við Bjarghús, verður vegurinn færður inn á námusvæðið.
- Á 200 m kafla, milli stöðva 4260-4460, færast vegurinn fjær námunni Tagl við Bjarghús, eða um allt að 14 m.
- Á 420 m kafla, milli stöðva 4540-4960, í brekkunni við Bjarghús, færast vegurinn fjær Bjarghúsum, eða um allt að 25 m, til að fá víðari beygju sem uppfyllir veghönnunarreglur og til að draga úr halla vegar í brekkunni. Þar mun framkvæmdin raska beitolandi.
- Á 280 m kafla, milli stöðva 5500-5800, þar sem Síðuvegur (716) tengist við Vatnsnesveg (711), færast Síðuvegur (716) til suðurs, um allt að 75 m, til að gera vegamótin öruggari. Jafnframt verður mögulegt að byggja nýja brú á Reyðarlæk án truflunar frá umferð. Þar mun framkvæmdin raska beitolandi.

Samráð verður við Rarik, Mílu og landeigendur auk fulltrúa Húnaþings vestra vegna hönnunar framkvæmdarinnar og efnistöku. Sérstaklega þar sem hætta er á að lagnir eða jarðstrengir geti raskast.

Mótun landsins mun fara fram í samráði við landeigendur og fulltrúa sveitarfélagsins. Landeigendur fá greiddar bætur fyrir það land sem raskað verður við framkvæmdir í samræmi við nýtingu þess.

Verktakar verða upplýstir um allar lagnir á svæðinu og þeim gert að reyna af fremsta megni að komast hjá því að raska þeim.

5.4 Landslag

Á heimasíðu Húnaþings vestra kemur fram að Vatnsnes er grösugt og búsældarlegt nes fyrir miðjum Húnaflóa. Um 40 km langt og hæsti tindur þess er Þrælsfell í tæplega 900 metra hæð yfir sjávarmáli.

Framkvæmdasvæðið er á austanverðu Vatnsnesi og fylgir núverandi Síðuvegi (716), eða liggur meðfram honum um landbúnaðarsvæði. Um er að ræða 5,8 km langan kafla þar sem vegurinn er uppbyggður malarvegur. Á svæðinu hefur landinu verið raskað áður með landbúnaði, efnistöku og vegagerð.

Landslagið í nágrenni framkvæmdasvæðisins er samsett samkvæmt skilgreiningu á vefnum www.namur.is um námur, efnistöku og frágang. Það er menningarlandslag og ber sterk einkenni af landbúnaði.

Í skýrslunni Landslag á Íslandi frá árinu 2020 fellur fyrirhugað framkvæmdasvæði undir landslagsgerðina **7.1.3 Húnaþjörður**, graslandar sléttur við strendur. Um hana segir:

„Láglandi upp af strönd Húnaþjörðar. Land nær frá sjó upp í um 250 m hæð yfir sjávarmáli. Yfirborð er að mestu mólendi eða votlendi, auk ræktaðs lands. Nokkur stærri vötn eru nærri sjó og er Hópið þeirra stærst. Ár og lækir renna í vötnin auk þess sem Blanda rennur til sjávar. Dreifð byggð er á láglandi auk þéttbýlisstaða við ströndina. Veitt er í ám og vötnum.“⁸

⁸ Efla, 2020.

Áhrif á landslag

Framkvæmdin mun hafa áhrif á landslagsgerðina 7.1.3 Húna fjörður. Núverandi vegi verður að mestu fylgt, en hann færður til, breikkaður og hæðar- og planlegan löguð þar sem þörf er á vegna umferðaröryggis.

Helstu áhrif framkvæmdarinnar á landslag verða á þremur stöðum:

- Þar sem nú er blindhæð á veginum sunnan Síðu, verður skorið í landslagið, milli stöðva 1400-1750, til að laga sjónlengdir
- Vegamótum Síðuvegar (716) og Borgarvegar (717) sem eru hættuleg, sjá kafla 2.2. þarf að breyta þannig að Síðuvegur (716) verði ráðandi og að Borgarvegur (717) tengist honum, því umferð um Síðuveg (716) er meiri en um Borgarveg (717).
- Í brekkunni vestan við námuna Tagl, milli stöðva 4000-4400 verður breyting á landslagi, þar sem skorið verður í landið ofan vegar og fyllt á landið neðan vegar til að mögulegt sé að uppfylla öryggisskilyrði veghönnunar.

Við framkvæmdirnar verður landslagi breytt varanlega með lagningu vegarins á 5,8 km löngum kafla. Vegagerðin metur að framkvæmdin muni hafa neikvæð áhrif á landslag. Að áhrif framkvæmdarinnar á landslag á ofangreindum köflum verði nokkuð neikvæð en annars verði áhrifin óveruleg.

Að framkvæmdum loknum hefur landslagsmyndin breyst meðfram veginum, því endurbyggður vegur verður breiðari en núverandi vegur, með meira aflíðandi fláum og lagður á hærri fyllingum og í dýpri skeringum en núverandi vegur. Mannvirkið verður þó lítið áberandi fyrir þá vegfarendur sem leið eiga um Síðuveg (716). Þeir munu aðallega finna fyrir meira öryggi þegar sjónlengdir aukast og vegurinn verður jafnari í landinu.

Efnistaka úr námum mun einnig breyta landslaginu, því efni úr þeim verður fjarlæggt og notað við lagningu vegarins.

Breytingar á landslaginu vegna efnistöku og vegagerðar munu sjást frá bæjum og svæðum í grennd við veginn og námur, en gert er ráð fyrir að þær verði að mestu tíma-bundnar þar til gróður á röskuðum svæðum hefur náð sér á strik.

Til að sjónræn áhrif framkvæmdarinnar verði sem minnst verða vegur og tilheyrandi vegtengingar hönnuð þannig að þau falli sem best að landslagi. Einnig verður efnistaka hönnuð með sama markmiði í huga.

Gengið verður þannig frá vegsvæði og námum að framkvæmdum loknum að vegur og námur falli vel að landi.

5.5 Jarðmyndanir, vatnshlot og laxfiskar

Í Berggrunnurinn er einkum úr basalti frá tertíer eða eldri en 3 millj. ára. Í Vatnsnesfjalli og Víðidalsfjalli finnast fornar megineldstöðvar með líparíti og ummynduðu bergi. Landið er allt mjög rofið af jöklum jökulskeiða ísaldar þar sem skiptast á grunnir og breiðir dalir með lágum ásum og heiðum á milli. Jarðhiti er á nokkrum stöðum en aðeins hluti hans hefur verið nýttur.⁹


Á Mynd sést jarðfræði á Vatnsnesi eins og hún er birt í kortasjá Náttúrufræðistofnunar. Innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis eru blágrýti, grágrýti og samhverfuás.

⁹ Landmótun, 2014b

Blágrýti - basískt og ísúrt gosberg og setlög

„Aldur: míoßen og eldra plíoßen, eldra en 3,3 milljón ára.

Jarðlög frá míoßen og plíoßen tímabili jarðsögunnar einkennast af blásvörtum basalhraunlögum (blágrýti) oft með rauðum millilögum. Þá var mun hlýrra loftslag á Íslandi. Í gosbeltunum risu stakar megineldstöðvar upp yfir hraunbreiður en jaðrar landsins mótuðust af vatnsrofi. Vegna fergingar í gosbeltunum hallar hraunlögum nú yfirleitt í átt að þeim gosbeltum sem voru virk á hverjum tíma. Rauðu millilögin eru jarðvegur að uppruna. Jöklar ísaldar hafa síðar rofið djúpa dali og firði í þessi jarðlög.“¹⁰



↑ Mynd 25

Jarðfræði á Vatnsnesi (Náttúrufræðistofnun Íslands, 2022). Lega Síðuvegar (716) er afmörkuð með rauðum brotalínunum.

Grágrýti - basískt og ísúr hraunlög og setlög

„Aldur: frá síðari hluta ísaldar, yngri en 0,8 milljón ára.

Á hlýskeyðum ísaldar runnu hraun sem hafa verið kölluð grágrýtishraun. Flest þeirra eru dyngjuhraun. Grágrýtishraun einkennast af jökulrákuðum klöppum og klapparholtum.“¹¹

Samhverfuás

„Ímynduð lína á yfirborði hraunlagastafla þar sem jarðlögum hallar niður í áttina að ásum beggja megin frá. Jarðlög á yfirborði eru þannig yngst í samhverfuásnum og eldast í átt frá honum. Samhverfur í hraunlagastaflanum eru túlkaðar sem útkulnuð rekbelti.“¹²

¹⁰ Náttúrufræðistofnun Íslands, 2022.

¹¹ Náttúrufræðistofnun Íslands, 2022.


¹² Náttúrufræðistofnun Íslands, 2022.

Vatnshlot er grunneining sem öllu vatni er skipt upp í og er byggt á landfræðilegum og vatnafræðilegum forsendum.¹³ Innan áhrifasvæðis fyrirhugaðra vegaframkvæmda eru þrjú grunnvatnshlot og tvö straumvatnshlot eins og þau eru skilgreind í Vatnavefsjá Veðurstofu Íslands.

Vegframkvæmdir geta haft áhrif á vistfræðilegt ástand vatnshlots með ýmsu móti og skapað álag. Vistfræðilegt ástand er skilgreint sem ástand líffræðilegra, eðlisefnafræðilegra og vatnsformfræðilegra þátta. Einna helst hafa vegframkvæmdir áhrif á vatnsformfræðilega þætti t.d. straumhraða, vatnshæð, rennsli, setflutninga o.fl. með tilkomu brúa, varnargarða og þverana. Breytingar á vatnsformfræðilegum þáttum geta breytt bæði líffræðilegum og eðlisefnafræðilegum gæðapáttum vatnshlots.¹⁴


Efnafræðilegt ástand vatnshlot lýsir því hvort til staðar séu ýmiskonar mengunarefni, þungmálmur og forgangsefni eða önnur efni sem hafa neikvæð áhrif á vistkerfi vatnshlota.¹⁵ Vegframkvæmdir geta haft áhrif á efnafræðilegt ástand vatnshlots, en við framkvæmdir eru notuð mengunarefni og mengunarefni berast einnig með umferð að loknum framkvæmdum.

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er innan þriggja grunnvatnshlota; 101-171-G Vatnsnes, Björg 101-53-G og 101-173-G Stórisandur.



↑ Mynd 26

Grunnvatnshlotið Vatnsnes 101-171-G (Vatnavefsjá Veðurstofu Íslands, 2024)



↑ Mynd 27

Grunnvatnshlotið Björg 101-53-G (Vatnavefsjá Veðurstofu Íslands, 2024)

¹³ Veðurstofa Íslands, 2024.

¹⁴ Umhverfisstofnun, 2022.

¹⁵ Umhverfisstofnun, 2021.



↑ Mynd 28

Grunnvatnshlotið Stórisandur 101-173-G (Vatnavefsjá Veðurstofu Íslands, 2024)

Helsta álag sem grunnvatnshlotinu Vatnsnesi stafar af eru sorphaugar að Syðri Kára-stöðum nærri Hvammstanga. Mesta álag á grunnvatnshlotið Stórisandur er vegna sorphauga í Stekkjavík við Blönduós. Grunnvatnshlotið Björg hefur ekkert skráð álag.¹⁶ Innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis eru tvö straumvatnshlot. Þau eru:

- Víðidalsá 101-1618-R
- Reyðarlækur 101-1463-R

Víðidalsá verður ekki raskað við framkvæmdir, en vatn úr ám og lækjum á austanverðu framkvæmdasvæðinu rennur í ána. Víðidalsá er ein af þekktustu laxveiðiám landsins og ein mesta stórlaxaá Íslands. Þakkalengd er mikil og veiðistaðir margir og fjölbreytilegir. Hún fellur í Hópið, sem er hálfsoilt blanda af sjávarlóni og stöðuvatni.¹⁷

Starir veiðifélag sér um útleigu á veiðileyfum í Víðidalsá. Á heimasíðu félagsins kemur fram að áin eigi upptök sín á Húnvetnsku heiðunum og renni um 67 km leið til sjávar í gegnum Hópið. Áin sé laxgeng að Kolugljúfri, um 25 km frá ósnum við Hópið. Stærsta þverá hennar, Fitjá, hafi einnig verið gerð laxgeng langt inn í land með laxastigum.

Fram kemur að Víðidalsá og Fitjá séu þekktar fyrir stóra laxa en sumarið 2023 hafi verið þar lengsta meðalstærð laxa í íslenskum veiðiám. Á hverju ári veiðist þar 20 punda fiskar. Í ánni megi einnig finna mikið af bleikju og silungi sem geri veiðimönnum kleift að breyta til. 100 merktir veiðistaðir haldi öllum þó vel við efnið í leit sinni að þeim stóra. Veiðitímabil er frá miðjum júní til loka september en besti veiðitíminn er frá byrjun júlí fram í ágúst. Í ánni eru átta stangir sem skiptast á að veiða fjögur svæði.¹⁸

Skammt frá Hringveginum (1) er Síðuvegur (716) í minna en 100 m fjarlægð frá Víðidalsá, þ.e. milli stöðva 500-900 á kafla 01. Minnsta m fjarlægð frá Víðidalsá er um 50 m.

Reyðarlækur er á vesturmörkum Bjarghúslands. Hann er þó nokkur lækur eða á. Í hann falla Grundará og Hörghólsá. Í honum er veiði og þar veiðist silungur, urriði og lax.¹⁹

Framkvæmdir ættu ekki að hafa áhrif á lífríki Víðidalsár, en grípa þarf til aðgerða til að draga úr hættu á að það gerist. Við byggingu nýrrar brúar yfir Reyðarlæk má búast við áhrifum á lífríki sem verða tímabundin og staðbundin.

¹⁶ Veðurstofa Íslands, 2024

¹⁷ Íslenski ferðavefurinn, 2025

¹⁸ Starir Veiðifélag, 2025

¹⁹ Örnefnastofnun, 1982

Mögulega verður efnistaka úr þurru áreyrum Dalsár í landi Sólbakka sem er hluti af vatnshlotinu Víðidalsá (101-1618-R). Einnig verður mögulega efnistaka úr áreyrum Þúfulækjar sem er einnig hluti af vatnshlotinu Víðidalsá. Þúfulækur rennur í Dalsá sem rennur áfram í Víðidalsá.

Áður en framkvæmdir hefjast þarf að hafa samráð við Hafrannsóknastofnun um hvort gera þurfi rannsóknir í veiðivötnum²⁰ á svæðinu og til hvaða aðgerða þurfi að grípa til að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmda. Leita þarf leyfis hjá Fiskistofu um mannvirkja-gerð í veiðiám samkvæmt 33. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006.

Áhrif á jarðmyndanir

Við framkvæmdina verða áhrif á jarðmyndanir. Annars vegar vegna rasks við vegagerð og hins vegar vegna efnistöku úr námum. Engar af þeim jarðmyndunum sem verður raskað njóta verndar. Vegagerð og efnistaka fara víða fram á svæðum sem eru fast við svæði sem áður hefur verið raskað.

Náma Tagl við Bjarghús E-43, Móamelar 1 E-37 og Hörgshóll II E-38 eru á aðalskipulagi en aðrar námur eru ekki á skipulagi (kaflí 3.2.5) og þarf að breyta aðalskipulagi áður en efni yrði tekið úr þeim. Við frágang verða námur formaðar þannig að þær falli sem best að aðliggjandi landi.

Áhrif á vatnshlot og laxfiska

Við rask á árfarvegum og lækjum verður straumvatnshlotum raskað. Engar framkvæmdir verða í Víðidalsá (101-1618-R) en Reyðarlæk (101-1463-R) verður raskað. Einnig er mögulegt að raskað verði þurru áreyrum Dalsár og Þúfulækjar.

Við framkvæmdir verða ræsi endurnýjuð og stækkuð þar sem þörf er á. Við hönnun og lagningu ræsa verða uppfyllt markmið í rammatilskipun Evrópusambandsins um verndun vatns (Directive 2000/60/ESB).

Mögulegt er að framkvæmdin raski lítt röskuðu votlendi neðan við brekkuna við Bjarghús, en annars hefur votlendi á framkvæmdasvæðinu verið raskað áður og víða eru gamlir framræsluskurðir.

Vistfræðilegt ástand

Vistfræðilegt ástand vatnshlota er metið út frá líffræðilegum, eðlisefnafræðilegum og vatnsformfræðilegum gæðapáttum.²¹ Líffræðilegir gæðapættir eru t.d. hryggleysingar svifþörungur og fiskar. Eðlisefnafræðilegir gæðapættir er t.d. selta, ph, hitastig, næringar-efni, súrefnisástand, mengunarefni o.fl. Vatnsformfræðilegir gæðapættir eru t.d. straumþungi, vatnsmagn, vatnshæð, samfella árfarvegs, straumhraði, viðkomutími, kornastærð og gerð vatnsbotns/árfarvegs, gerð og ástand vatnsbakka, gerð og ástand svæðis milli há- og lágflæðimarka og ölduhrif²². Áhrif vegaframkvæmda á vistfræðilegt ástand vatnshlota eru helst á vatnsformfræðilega þætti, en breytingar á vatnsformfræðilegum þáttum geta haft þær afleiðingar að breytingar verði á líffræðilegum og eðlisefnafræðilegum gæðapáttum vatnshlota.

Þverun árfarvega getur þengt að og festir farveg á einum stað. Við það geta straum-mynstur og straumhraði breyst sem getur haft staðbundin áhrif á setflutning og jafnvel raskað samfelli árfarvegs. Algengt er að ræsi raski samfelli árfarvegs og skapi jafnvel

²⁰ Á eða stöðuvatn sem veiði er í eða mætti í vera fiskur ef fiskur væri ræktaður þar.

²¹ Umhverfisstofnun, 2022.

²² Umhverfisstofnun, 2021.

farartálma fyrir fiska. Þá er það oftast þannig að ræsin hafa ekki verið grafin nógu langt niður í farveginn eða setflutningar hafa breyst þannig að neðan við ræsin myndist fall/foss.

Þegar þrengt er að farvegi getur vatnsborð ofan við þrengingu hækkað. Stærð vatns-
opa eru ákvörðuð út frá hönnunarflóði sem er margfalt meira rennsli en meðalrennsli. Því er vatnsborðshækkun ofan við vegi fyrst og fremst þegar flóð er í ám og lækjum.

Núverandi vegur hefur sums staðar verið lagður um votlendi og endurbyggður vegur fylgir á þeim köflum núverandi vegi nema við vegamót Borgarvegur (717). Ekki verða grafnir nýir skurðir eða rásir sem gætu haft áhrif á grunnvatnstöðu, en með því er hægt að draga úr áhrifasvæði vegar á votlendið. Farg ofan á votlendi getur haft áhrif á lekt jarðefnis undir veg eða dregið úr lekt þegar jarðefnið þjappast. Við það getur grunnvatnstaða/jarðvatn breyst við vegfyllingu. Ekki er vitað nákvæmlega hver áhrif á grunnvatnstöðu/jarðvatn vegir hafa haft á votlendi hér á landi og hversu langt frá vegi áhrifasvæðin ná, en breyting á vatnsstöðu getur haft áhrif á votlendisgróður.

Helstu áhrif vegframkvæmdar á vatnsformfræðilega þætti er hækkun vatnsborðs ofan við veglínu í flóðum, setflutningur í og við vatnsop og hugsanleg áhrif á grunnvatnstöðu við vegfyllingu á votlendissvæðum.

Mikilvægt er við hönnun að taka tillit til áhrifa framkvæmda á vatnsformfræðilega þætti og reyna að draga úr öllum áhrifum eins og kostur er. Verið er að endurbyggja núverandi veg og því mjög takmarkað verið að raska óröskuðu landi.

Ný vatnsop munu verða jafnstór eða stærri en núverandi vatnsop og því má gera ráð fyrir að vatnsborðshækkun ofan við veg í flóðum verði ekki meiri en er við núverandi veg. Einnig er gert ráð fyrir óverulegum áhrifum á setflutninga.

Það er mat Vegagerðarinnar að ekki sé hætt á að umhverfismarkmið vatnshlotanna náist ekki vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Efnafræðilegt ástand

Efnafræðilegt ástand vatnshlots lýsir því hvort til staðar séu ýmiskonar mengunarefni, þungmálma og forgangsefni eða önnur efni sem hafa neikvæð áhrif á vistkerfi vatnshlota.²³

Afrennslisvatn vega og umferðarslys geta valdið mengun á yfirborðsvatni og grunnvatni á nærsvæðum vega. Ýmis mengunarefni er að finna í afrennslisvatni vega svo sem PAH efni, salt, þungmálmar og örplast. Hér á landi hafa áhrif afrennslisvatns vega á lífríki lítið verið rannsökuð og því erfitt að draga ályktanir um möguleg áhrif þess. Þess ber að geta að í alþjóðlegum samanburði er umferð á íslenskum vegum lítil.²⁴

Umferðarpungi ræður að miklu leyti styrk mengunarefna í afrennslisvatni og meiri umferð fylgir aukin mengun. Gerðar hafa verið athuganir á styrk mengunar frá sænskum vegum og var áætlað að þar sem umferð er minni en 8.000 ökutæki á sólarhring sé styrkur mengunarefnis í afrennslisvatni flokkaður sem lítill og hreinsun oftast ekki nauðsynleg nema um mjög viðkvæman viðtaka sé að ræða.

Sett hafa verið viðmið á sænskum vegum um að ekki sé þörf á neinum ofanvatns lausnum eða varúðarráðstöfunum vegna slysa t.d. olíuleka ef umferðarpungi er minni en 2.000 ökutæki á sólarhring nema um mjög viðkvæma viðtaka sé að ræða eins og t.d. vatnsverndarsvæði, grunnvatn og stöðuvatn þar sem rennsli er mjög lítið (viðkomutími

²³ Umhverfisstofnun, 2021.

²⁴ Efta, 2021.

vatns langur)²⁵. Vatnshlot þar sem Síðuvegur (716) fer um flokkast ekki sem mjög viðkvæmir viðtakar þar sem ekki er farið um vatnsverndar svæði eða vötn þar sem rennsli er mjög lítið. Ársdagsumferð á vegkaflanum sem verður endurbýggður er um 60 ökutæki á sólarhring og því langt undir viðmiðinu um 2.000 ökutæki á sólarhring.

Pungmálmar og örplast eru meðal mengunarefna sem geta safnast fyrir í umhverfi sínu og haft neikvæð áhrif á það. Umferðarslys geta leitt til þess að hættuleg efni úr ökutækjum leki út í umhverfið. Á framkvæmdartíma er helsta hættu á mengunarslysi, umfram þá sem almenn umferð getur valdið. Hún tengist olíu, s.s. áfyllingu olíu á vélar og tæki, olíuleka frá tækjum og að glussi leki niður bili glussaslöngur.

Í tilfalli þeirra vatnshlota sem framkvæmdin fer um telur Vegagerðin að áhrif á efnafræðilegt ástand verði óveruleg.

Það er mat Vegagerðarinnar að ekki sé hættu á að umhverfismarkmið vatnshlotanna náist ekki vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Mótvægisáðgerðir

Almennt gildir fyrir ræsi og brýr á fyrirhuguðum vegi að þau verði hönnuð fyrir 100-ára flóðárvatns. Vatnsop verða því það stór að þau munu ekki hafa áhrif á vatnshæð og straumhraða þegar rennsli í ám og lækjum er nálægt meðalrennsli. Þegar mikil flóð eru í ánum verður vatnshæðin ofan vegar hærri en hún hefði orðið án vegar og útbreiðsla vatns því meiri ofan vegar eftir framkvæmd. Gæta skal að því að ræsi verði grafin niður um 10-20 % af þvermáli þeirra til að tryggja að jarðefni safnist í botn ræsanna og samfella haldist í farveginum.

Verði af efnistöku úr námunum Dalsá og Þúfulæk verða efnistökusvæði afmörkuð þannig að virkum farvegum verði ekki raskað og efni einungis tekið úr þurrum áreyrum. Áður en efnistaka hæfist yrði samráð við Hafrannsóknastofnun um efnistöku.

Þar sem vegur þverar votlendi er mikilvægt að reyna að draga úr áhrifum vegar á grunnvatnsstöðu og yfirborðsrennsli eins og kostur er. Lagt er til að forðast sé að grafa nýja skurði og rásir. Setja þarf ræsi eða pípur í alla farvegi, skurði og lægðir þar sem vatn hefur runnið til að líkja sem best eftir náttúrulegu flæði, takmarka vatnsþrýstingsmun ofan og neðan við veg og þannig takmarka áhrif á grunnvatnsstöðu.

Fyrirhugaður vegur fer ekki inn á vatnsverndarsvæði, mengunarstyrkur afrennslis vegar er lítill og vatnshlot ekki mjög viðkvæm fyrir mengun, því eru ekki gerðar sérstakar kröfur um hönnun mengunarvarna. Til að lágmarka áhættu á mengunarslysi á framkvæmdartíma er verktaka gert skylt að sinna viðhaldi og eftirliti véla og tækja með markvissum hætti. Útbúa skal sérstakt áfyllingarsvæði á landi þar sem áfylling olíu á vélar fer fram til að tryggja að olía og önnur mengandi efni, berist ekki í jarðveg utan við skilgreint svæði komi til óhappa. Sama gildi um geymslu á mengandi efnum á verktíma. Í kafla 7 eru nánari mótvægisáðgerðir tilgreindar.

Niðurstaða

Framkvæmdir ættu ekki að hafa áhrif á lífríki Viðidalsár, Reyðarlækjar, Dalsár eða Þúfulækjar, en grípa þarf til aðgerða til að draga úr hættu á að það gerist. Við byggingu nýrrar brúar yfir Reyðarlæk má búast við áhrifum á lífríki sem verða tímabundin og staðbundin. Það sama gildir um mögulega efnistöku úr þurrum áreyrum Dalsár og Þúfulækjar.

²⁵ Anna Heiður Eydísardóttir & Magnús Bjarklind, 2015.

Áður en framkvæmdir hefjast þarf að hafa samráð við Hafrannsóknastofnun um hvort gera þurfi rannsóknir í veiðivötnum²⁶ á svæðinu og til hvaða aðgerða þurfi að grípa til að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmda á vatnshlot og lífríki í veiðivötnum.

Leita þarf leyfis hjá Fiskistofu um mannvirkjagerð í veiðiám samkvæmt 33. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006.

Umhverfis- og orkustofnun hefur umsjón með verndun vatns í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, reglugerð nr. 935/2011 um stjórn vatnamála og Vatnaáætlun Íslands 2022 – 2027. Ef hætta er á að vatnshloti verði breytt skal leita leyfis hjá stofnuninni.

Vatnsop þurfa að vera nægjanlega stór og mörg til að hafa sem minnst áhrif á grunn-ástand vatnshæðar, straumhraða, setflutninga o.fl.

Í tilfalli þeirra vatnshlota sem framkvæmdin fer um telur Vegagerðin að áhrif á vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand verði óveruleg. Einnig mun framkvæmd ekki hafa áhrif á magnstöðu grunnvatns.

Það er mat Vegagerðarinnar að ekki sé hætta á að umhverfismarkmið vatnshlotanna náist ekki vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Að teknu tilliti til þess rasks sem nú þegar hefur orðið á svæðinu, þess að engum jarðmyndunum sem njóta verndar verður raskað og að farið verði eftir leiðbeiningum Hafrannsóknastofnunar um til hvaða aðgerða þurfi að grípa til að vernda lífríki í veiðiám, þá telur Vegagerðin að áhrif á jarðmyndanir og vatnshlot við vegagerð og efnistöku verði óveruleg.

5.6 Vistgerðir og gróðurfar

Eftirfarandi texti um gróðurfar er fenginn úr Umhverfisskýrslu Aðalskipulags Húnaþings vestra 2014-2026.

Land í Húnaþingi vestra er víðast hvar mjög gróið, grösugar engjar og vel gróin heiðalönd þar sem skiptast á mýrar, flóar og mosavaxin holt. Kvistlendi er lítið og skógar engir. Þetta svæði er eitt best gróna svæði landsins, róf mjög lítið (helst á söndunum norðan Hópsins) og uppblásturshætta lítil. Gróið land er talið vera um 1.838 ferkílómetrar eða rúm 70% af flatarmáli sveitarfélagsins.

Gróðurkort í umhverfisskýrslu aðalskipulags sýnir gróðurfar á mjög einfaldaðan hátt. Kortið var upphaflega teiknað á gervitunglamynd í mælikvarða 1:250.000. Á láglandi var gróðurgreiningin byggð á mjög takmarkaðri vettvangsvinnu, en uppi á heiðunum var stuðst við gróðurkort sem unnin voru í stærri mælikvarða. Aðeins eru sýnd samfelld gróðursvæði sem hafa 50% gróðurþekju eða meira. Þær gróðurtegundir sem finnast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði eru mólendi, graslendi og ræktað land, votlendi og bersvæðisgróður, sjá Mynd 29.


Mólendi, graslendi og ræktað land: Á kortinu er slegið saman í einn flokk öllum þurrlandisgróðri öðrum en mosagróðri. Það er því um mjög ólík gróðurlendi að ræða, s.s. kvistlendi, kjarrlendi, sef- og starmóa, graslendi og blómlendi. Gróðurþekja þessara gróðurlenda er almennt meiri en í mosagróðri, jarðvegurinn dýpri og slitþol hans er meira. Þessi gróðurflokkur er því ekki eins viðkvæmur og mosagróðurinn og þolir meiri ágang.

Votlendi: Þessi flokkur samanstendur af deiglendi (hálfdeigju), mýri, flóa og vatnagróðri. Aðallega er um að ræða mýri og flóa, en mýrin er útbreiddari og tegundaauðugri en

²⁶ Á eða stöðuvatn sem veiði er í eða mætti í vera fiskur ef fiskur væri ræktaður þar.


flóinn. Aðaltegundir votlendisins eru hálfgrös, s.s. starir og fifa. Í mýri stendur grunnvatnið almennt í gróðursverðinum en í flóa flýtur yfirleitt yfir svörðinn. Deiglendi er á mörkum þurrlands og votlendis. Gróðurbreiða votlendisins er oftast samfelld, jarðvegurinn djúpur og mómyndun alla jafna mikil. Votlendu er síður hætt við uppblæstri en öðrum gróðri og þolir betur ágang manna og búfjár. Lífríki votlendisins er fjölbreytt og það er m.a. mjög mikilvægt kjörlendi margra fuglategunda.

Bersvæðisgróður, melur og sandur: Undir þennan flokk fellur land þar sem gróðurþekjan er minni en 50%, eða þar sem samfelld gróðurlendi er of lítið til að unnt sé að sýna það í viðkomandi mælikvarða. Um er að ræða mismunandi lítt gróið land allt frá því að vera nánast alger auðn upp að því að geta kallast hálfgróið. Þegar landið getur kallast hálfgróið er það sýnt á kortinu. Þetta land samanstendur aðallega af mismunandi grýttum melum, grýttu fjalllendi, söndum, eyrum og mold. ²⁷



↑ Mynd 29

Gróðurfur á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði í Húnaþingi vestra (Landmótun, 2014b).



↑ Mynd 30

Votlendi sem njóta verndar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Votlendi eru afmörkuð með appelsínugulum flötum. Fossar sem njóta verndar eru merktir með bláum punktum (Náttúrufræðistofnun Íslands, 2025).

Náttúrufræðistofnun skilgreinir og flokkar íslenskar vistgerðir. Vistgerðakort fyrir allt landið liggur fyrir í vefsíðu stofnunarinnar <https://vistgerdakort.ni.is/>. Vegagerðin hefur auk þess aðgengi að stafrænum kortagögnum í gis og microstation sem sýna afmörkun túna, skóga, votlendis stærra en 20.000 m², leira, sjávarfitja og vatna og tjarna stærri en 1.000 m². Aðrar upplýsingar um gróðurfur er hægt að lesa út úr vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar en þær eru ekki nákvæmar.²⁸ Telja má að þær vistgerðir sem falla undir sérstaka vernd 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. skipti mestu máli og því ber að forðast að raska þeim við hönnun nýs vegar.

²⁷ Landmótun, 2014b


²⁸ Náttúrufræðistofnun, 2025

Engar leirur, sjávarfitjar, tjarnir eða gamlir birkiskógar eru fast við núverandi veg. Hins vegar er votlendi sem nýtur verndar að finna við suðurenda Vesturhópsvatn. Það nær frá vatninu að Síðuvegi (716) í grennd við Bjarghús, sjá Mynd 30.

Í kortasjá Náttúrufræðistofnunar má sjá að mikið er um tún og akra í nágrenni Síðuvegar (716) sem hafa ekkert verndargildi. Ekki var ráðist í rannsókn á gróðurfari. Þar sem óhjákvæmilega þarf að raska votlendi, skal nota reikniaðferðir Umhverfisstofnunar, sjá viðauka A, til að meta stærð raskaðs votlendis og endurheimta sambærilegt votlendi í grennd við rasksvæðið, sé því við komið, í samráði við landeigendur.

Þar sem vikið er út af núverandi vegi þarf mögulega að rannsaka gróðurvistgerðir og leita eftir tegundum á valista áður en framkvæmdir hefjast, háð umsagnaraðilum.

Sumar af þeim vistgerðum sem eru við og á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði hafa hátt verndargildi og sumar eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 um vistgerðir sem þarfnast verndar.



↑ Mynd 31

Vistgerðir á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði í Húnaþingi vestra (Náttúrufræðistofnun Íslands, 2025).

Hér eru taldar upp þær gróðurvistgerðir sem Náttúrufræðistofnun Íslands hefur skráð við fyrirhugað framkvæmdasvæði og birt í kortasjá. Þær eru:

- | | |
|------|---|
| L3.1 | Urðarskriðuvist, miðlungs verndargildi. Er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. |
| L5.2 | Melgambavist, með miðlungs verndargildi. |
| L5.3 | Hraungambavist, með lágt verndargildi. |
| L8.6 | Runnamýravist á láglendi, með mjög hátt verndargildi . Er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. |

- L8.9 Starungsmýravist, með **mjög hátt verndargildi**. Er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.
- L9.1 Stinnastararvist, með miðlungs verndargildi. Er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.
- L9.4 Snarrótarvist, með **hátt verndargildi**. Er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.
- L9.6 Língresis og vingulsvist með **hátt verndargildi**. Er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.
- L10.2 Flagmóavist, með lágt verndargildi. Er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.
- L10.4 Grasmóavist, með **hátt verndargildi**. Er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.
- L10.5 Fléttumóavist, með miðlungs verndargildi.
- L10.6 Fjalldrapamóavist, með miðlungs verndargildi. Er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.
- L10.8 Lyngmóavist á láglandi, með **hátt verndargildi**. Er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.
- L14.2 Tún og akurlendi.

Áhrif á vistgerðir og gróðurfar

Framkvæmdin fylgir að mestu núverandi vegi eða er við hlið hans. Gróður sem lendir undir fyllingum eða í vegskeringum mun hverfa. Reiknað er með að græða upp allt rask á vegsvæði á grónum svæðum. Vegagerðin telur að áhrif á gróðurfar verði óveruleg.

Fyrirhuguð framkvæmd, þ.e. endurbygging núverandi vegar, mun hafa staðbundin bein áhrif á gróður. Um er að ræða svæði meðfram núverandi vegi, sem að stórum hluta hefur verið raskað áður með ræktun eða vegagerð. Votlendi sem er innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis hefur að stórum hluta áður verið raskað með vegagerð og framræslu.

Við frágang svæðisins mun Vegagerðin græða upp jafn stórt gróðursvæði og það sem raskast við framkvæmdina.

Áður en framkvæmdir hefjast verður metið og mælt hversu stóru gróðurlendi og votlendi verður raskað við þær framkvæmdir sem hér eru kynntar. Endurheimt votlendis í stað þess sem raskast verður í samráði við landeigendur og verkefnisstjóra Endurheimtar votlendis og vöktunar votlendisvistkerfa hjá Landi og skógum.

Undirbúningur framkvæmdar er ekki kominn á það stig að samið hafi verið við landeigendur um framkvæmdir né um endurheimt votlendis og því ekki hægt að greina frá því nú hvar votlendi verður endurheimt, auk þess sem samráð við Land og skóga hefur ekki farið fram. Vegagerðin stefnir á að hefja samráðsferlið þegar nær dregur framkvæmdatíma og að endurheimt votlendis fari fram sem næst framkvæmdasvæðinu. Við efnistöku úr námum verður tekið efni af þurrum svæðum.

Uppgræðsla verður í samráði við Land og skóga, Umhverfis- og orkustofnun og landeigendur. Með góðri hönnun og skipulagi, auk vandaðra vinnubragða á framkvæmdatíma, verður stefnt að því að lágmarka áhrif á gróður og vistgerðir, sjá kafla 3.3.3. Við lok framkvæmda verður leitast við að beita uppgræðslu með staðargróðri og endurheimta votlendi í takti við það sem tapast. Möguleg mótvægisáðgerð við eyðingu gróðurs í öðrum vistgerðum er t.d. vistheimt á rofnu landi. Gripið verður til aðgerða til að forðast að rask vegna

vegaframkvæmda stuðli að útbreiðslu framandi ágengra tegunda, eins og mörg dæmi eru um hérlandis.²⁹

5.7 Fuglar og spendýr

Villt spendýr á svæðinu eru eins og víðast hvar á landinu; minkar, refir og mýs. Auk þess eru selir mikilvægur hluti lífríkis á Vatnsnesi og mikil sellátur eru víða, þar sem bæði landselur og útselur kæpa, en þó mest landselur. Byggðir hafa verið upp selaskoðunarstaðir og ferðaþjónusta á nesinu í tengslum við þá. Engin selalátur er í grennd við fyrirhugað framkvæmdasvæði.

Á Íslenska ferðavefnum kemur fram að á milli Hvammstanga og Blönduóss eru mörg vötn, lón og mýrlendi, sem iða af fuglalífi. Þar bíði hundruð álfta á vorin eftir því, að hálendisvötnin losni úr klakaböndum. Fálkar verpi í hamrabeltum í grennd við Vesturhóp.³⁰

Á vefsíðu Náttúrufræðistofnunar Íslands má sjá að engin mikilvæg fuglasvæði eru innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis. Svæðið Hóp-Vatnsdalur sem er mikilvægt fuglasvæði er austan mögulegs framkvæmdasvæðis.

Á vef Húnaþings vestra kemur fram að á Vatnsnesi sé mjög fjölskrúðugt fuglalíf.

Sökum þess að framkvæmdin viku afar lítið út frá núverandi vegi tók Vegagerðin ákvörðun um að ráðast ekki í fuglarannsóknir vegna hennar.

Áhrif á fugla

Í skýrslu Náttúrustofu Norðausturlands um áhrif Uxahryggjavegar á fuglalíf³¹ kemur fram að margar rannsóknir hafi farið fram erlendis á áhrifum vega á fuglalíf og ein hér á landi. Áhrif vega á fugla sé með þrennum hætti:

- Skerðing búsvæða vegna þess lands sem fer undir vegi
- Breytt dreifing fugla vegna fælingar eða að fuglar laðist að vegum
- Aukin dánartíðni vegna árekstrar

Niðurstaða íslensku rannsóknarinnar sýndi að þéttleiki mófugla var minnstur næst vegum og jókst marktækt upp að 400 m fjarlægð. Fjær var ekki skoðað. Einnig kom í ljós að áhrifin á þéttleika fugla voru meiri þar sem umferðapungi var mikill. Þetta er í samræmi við erlendar rannsóknir þar sem ástæðan er ýmist talin sú að fuglar forðist vegi eða afföll valdi þéttleikamuninum. Engar rannsóknir eru til hér á landi um fjölda fugla sem drepast af völdum árekstra við bifreiðar.

Þær rannsóknir sem gerðar hafa verið á því hvort vegir geti haft áhrif á stofna fugla sýna að áhrifin eru mjög misjöfn eftir tegundum og geta verið jákvæð eða neikvæð. Erlendis hefur verið sýnt fram á neikvæð áhrif vega á stofna jaðrakans, stelks, þúfutittlings og steindepils. Þetta eru allt algengar mófuglategundir hérlandis en hafa ber í huga að aðstæður geta verið mjög misjafnar milli landa.³²

Endurbyggður Síðuvegur (716) mun að mestu fylgja núverandi vegi eða liggja við hlið hans. Hann viku mest frá núverandi vegi við vegamót Borgarvegar (717) og við vegamót Vatnsnesvegar (711). Því ætti skerðing búsvæða að verða lítil. Á móti kemur að gera má ráð fyrir að nýr og betri vegur leiði mögulega til bæði aukinnar umferðar og aukins

²⁹ Guðrún Óskarsdóttir og Kristín Ágústsdóttir, 2023

³⁰ Íslenski ferðavefurinn, 2024

³¹ Aðalsteinn Örn Snæþórsson og Sigprúður Stella Jóhannsdóttir, 2023.

³² Aðalsteinn Örn Snæþórsson og Sigprúður Stella Jóhannsdóttir, 2023.


umferðarhraða. Því getur fæling frá nýja veginum orðið meiri og árekstartíðni aukist frá því sem nú er.

Framkvæmdin getur haft tímabundin áhrif á fugla meðan á framkvæmdum stendur. Vegagerðin dregur þær ályktanir út frá þeim rannsóknum sem gerðar hafa verið á áhrifum vega á fuglalíf, að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á fuglalíf þar sem núverandi vegi er að mestu fylgt. Einnig er lítil umferð um veginn. Helstu neikvæðu áhrifin verða þar sem vegurinn verður færður til og lagður um lítt snortið land við ný vegamót Borgarvegar (717) og þar sem byggð verður ný brú og vegurinn verður færður við Reyðarlæk. Áhrif á spendýr eru metin óveruleg.

5.8 Fornleifar

Í grennd við Síðuveg (716) eru engir þekktir minjastaðir sem njóta verndar. Í lögum nr. 80/2012 segir: „*Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri*”.

Í aðalskipulagsgreinargerð kemur fram að taka skuli tillit til skráðra fornleifa áður en ráðist er í bygginga- eða framkvæmdaleyfissskyldar framkvæmdir.³³



↑ Mynd 32

Minjastaðir á Vatnsnesi (Landmótun, 2014a). Síðuvegur (716) er afmarkaður með rauðum brotalínunum.

Í aðalskipulagi sveitarfélagsins er fjallað um menningarminjar og þær sýndar á uppdrætti (sjá Mynd 33). Skráningin byggir á heimildavinnu en engar menningarminjar eru sýndar við Síðuveg (716). Í vefsíðu Minjastofnunar Íslands var engar menningarminjar að finna í grennd við fyrirhugað framkvæmdasvæði sjá [hér](#).

Þegar ný veglína lá fyrir var kannað hjá Minjastofnun Íslands hvort nauðsynlegt væri að fá fornleifafræðing til að gera vettvangsathugun á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði eða hvort ofangreindar upplýsingar væru nægjanlegar.

³³ Landmótun, 2014a, bls. 39.

Vegagerðin hafði samráð við minjavörð Norðurlands vestra um fornleifarannsókn vegna endurbyggingar Síðuvegar (716). Í kjölfarið var Byggðasafn Skagfirðinga fengið til að skrá fornleifar vegna fyrirhugaðra framkvæmda, bæði á vegsvæði og námusvæðum.

Skráningin fór fram í september og október 2025 og er niðurstaða þeirrar skráningar birt í greinargerð, fylgiskjali 1, sem ber heitið:

*Síðuvegur, Vatnsnesvegur og námukostir. Fornleifaskráning vegna vegagerðar.*³⁴

Eftirfarandi er tekið úr skýrslu Byggðasafns Skagfirðinga:

Vegstæði Síðuvegar liggur í gegnum jarðir Galtarness, Síðu og Bjarghúsa. Námurnar eru á jörðum Jörfa, Sólbakka, Galtarness, Bjarghúsa, Grundar, Klambra, Böðvarshóls og Hörgshóls.

Skráningin fór fram við góðar aðstæður dagana 11. september og 13. október 2025. Öll svæði voru könnuð á vettvangi, 30 m út frá veglínu til hvorrar handar, samtals 60 m breitt belti. Samtals voru skráðar 12 minjar: ein í landi Sólbakka, níu í landi Galtarness, einar í landi Síðu og einar í landi Hörgshóls. Við Síðuveg og námukosti eru allar minjar, að tveimur undanskildum, innan túns eða við tún. Þær tvær sem eftir standa eru leiðarhlutar, samgönguminjar.

Skráningarsvæðið

Skráningarsvæðið samanstóð af sjö stökum námukostum, tæplega 6 km löngum kafla með Síðuvegi og einum námukosti við vegstæðið. Vegstæðið fylgir að stærstum hluta núverandi vegi og er því að miklu leyti þegar raskað svæði. Námukostirnir eru í mörgum tilfellum svæði sem þegar hafa verið nýtt að hluta sem námur með tilheyrandi raski.

Síðuvegur

Skráningarsvæðið liggur að mestu í núverandi vegstæði Síðuvegar (716) þar sem veglína A liggur að mestu í núverandi vegstæði en veglínu B fylgja smávægilegar tilfæringa á nokkrum stöðum. Helsta hættusvæði fyrir báðar veglínur er við bæjarstæði Síðu þar sem núverandi vegur, og bæði veglína A og B, sem þar liggja í núverandi vegi, fara í gegnum tún Síðu. Í dag eru útihús um 20 m ofan (vestan) vegar og bæjarhús og fleiri útihús um 85 m neðan (austan) vegar. Eitt útihús [3487-11] er merkt inn á túnakort innan skráningar-svæðisins, austan vegar, en það er nú í sléttuðu túni og því horfið.

Vegurinn liggur í gegnum útjaðar túns Síðu en ekki er þar að sjá neinar leifar af túngarði. Getur þó verið að hann sé löngu horfinn vegna rasks í tengslum við núverandi veg og útihús ofan vegar. Einungis voru skráðar minjar á einum stað til viðbótar við veginn. Það er bútur af upphlöðnum vegi [3487-10] austan núverandi vegar, rétt suðaustan við Síðukrók. Er vegbútur þessi innan jarðar Galtarness, rétt sunnan landamerkja Síðu og Galtarness.

Námur

Skráðar voru minjar innan þriggja námukosta: við Dalsá í landi Sólbakka [3487-1], í landi Galtarness [3487-2-9] og í landi Hörgshóls [3487-12]. Engar minjar voru skráðar innan tilvonandi námukosta í landi Jörfa, Bjarghúsa, Klambra og Grundar. Þó skal tekið fram að flestir námukostanna hafa nú þegar verið nýttir að hluta sem námur og eru þau svæði því sum mjög röskuð.

Í landi Galtarness nær fyrirhugað námusvæði inn í gamla heimatún bæjarins. Þar eru því mest áhrif á minjar af öllum átta námukostunum.

³⁴ Ásta Hermannsdóttir og Ylfa Leifsdóttir, 2025.

Viðvarandi hættumat

Minjar [3487- 2-7] eru innan sléttaðs túns á Galtarnesi og minjar [3487-11] innan sléttaðs túns á Síðu og eru þessi tún enn nýtt til slægna, en minjarnar eru þó ekki metnar í hættu af þeim sökum.

Niðurlag

Í heildina voru skráðar 12 minjar á skráningarsvæðinu meðfram Síðuvegi og á átta námu-kostum. Minjarnar eru að miklu leyti samgönguminjar og minjar innan heimatúna. Einar minjar í landi Galtarness, Hesthúshóll [3487-9], eru án staðsetningar í landupplýsinga-gögnum. Orsakast það af því að nákvæm staðsetning örnefnisins er ekki þekkt (sjá umfjöllun undir minjum [3487-9] í fornleifaskrá) og að engar viðeigandi minjar fundust á svæðinu sem gátu gefið örnefninu staðsetningu. Þessar minjar eru því einungis skráðar sem heimild.

Af námukostunum eru fjórir án minja (í landi Jörfa, Klambra, Grundar og Böðvarshóla), en í landi Sólbakka er ein stök þúst [3487-1] í útjaðri námukostsins, ein leið [3487-12] nær yfir námukost í landi Hörgshóls og nokkur hluti námukostsins í landi Galtarness er innan gamla heimatúns bæjarins, þar sem skráðar eru minjar [3487-2-7]. Minjar [3487-8 og 9] eru á svipuðu svæði en [3487-8] er horfin, og [3487-9] er ekki með þekkta staðsetningu.

Í Tafla 7 er að finna lista yfir niðurstöðu fornleifaskráningarinnar á Síðuvegi. Í töflunni kemur fram jörð, hlutverk, tegund og ástand hverrar fornleifar. Nánari umfjöllun má finna í fylgiskjali 1.

↓ Tafla 7
Skráðar fornleifar, hlutverk og ástand.

Númer	Jörð	Hlutverk	Tegund	Ástand	Athugasemd
3487-1	Sólbakki	Óþekkt	Þúst	Greinanlegar	Innan námukosts
3487-2	Galtarnes	Túngarður	Garðlag	Illgreinanlegar	Innan námukosts
3487-3	Galtarnes	Óþekkt, túngarður	Garðlag	Illgreinanlegar	Innan námukosts
3487-4	Galtarnes	Útihús	Dæld, heimild	Illgreinanlegar	Innan námukosts
3487-5	Galtarnes	Beðaslétta	Dæld, niðurgroftur	Greinanlegar	Innan námukosts
3487-6	Galtarnes	Óþekkt	Niðurgroftur	Greinanlegar	Innan námukosts
3487-7	Galtarnes	Óþekkt	Dæld	Greinanlegar	Innan námukosts
3487-8	Galtarnes	Leið	Heimild	Sést ekki	
3487-9	Galtarnes	Hesthúshóll	Heimild, örnefni	Sést ekki	
3487-10	Galtarnes	Leið	Vegur	Greinanlegar	14 m frá fyrirhugaðri miðlínu
3487-11	Síða	útihús	Heimild	Sést ekki	
3487-12	Hörgshóll	Leið	Gata	Greinanlegar	Innan námukosts

Áhrif á fornleifar

Í tilvikum þar sem óhjákvæmilegt reynist að raska fornminjum vegna framkvæmda er það hlutverk Minjastofnunar Íslands að gefa lokamat og taka ákvörðun um hvort og með hvaða skilmálum fornleifar megi víkja við slíkar aðstæður.


Vegagerðin mun hafa samráð við Minjastofnun Íslands vegna fornleifa á svæðinu. Óskað verður eftir leyfi hjá Minjastofnun ef nauðsynlegt reynist að raska fornleifum.

Farið verður eftir tilmælum Minjastofnunar um mótvægisáðgerðir til að koma í veg fyrir að fornleifar raskist og um frekari rannsóknir ef þess gerist þörf.

Gera má ráð fyrir að skráðar fornminjar innan fyrirhugaðs áhrifasvæðis, eða hafa hátt verndargildi, verði merktar á áberandi hátt og kynntar í útboðsgögnum til að koma í veg fyrir að þær verði skemmdar af vangá. Við nánari afmörkun efnistöku úr Galtarnesnámu og Dalsá-Víðidal verður forðast að raska fornleifunum sem þar eru og þær merktar áður en efnistaka hefst.

Í útboðsgögnum verður lögð áhersla á að raska ekki landi utan skilgreinds framkvæmdasvæðis.

Ef í ljós koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdasvæðinu á framkvæmdatíma, verður haft samráð við Minjastofnun Íslands varðandi aðgerðir í samræmi við 23. og 24. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar.



↑ Mynd 33

Fornleifar við fyrirhugað framkvæmdasvæði Síðuvegar (716). Fornleifar 3487-1, til og með 3487-12 eru merktar með ljósgulum texta. Fornleifar 3487-13 til og með 3487-16 eru utan við framkvæmdasvæði Síðuvegar. Myndir af hverjum stað er að finna í fylgiskjali 1.

6 Veðurfar og náttúruvá

6.1 Veðurfar


Veðurfar í Húnaþingi vestra er breytilegt og fer eftir landslagi, afstöðu fjalla og hæð og stefnu strandlengju. Fyrirhugað framkvæmdasvæði er á láglendi en veðurfar getur verið breytilegt innan þess, vegna mismunandi aðstæðna. Vegagerðin hefur skráð varasama staði á vegakerfinu m.t.t. sandfoks og vindhviða. Enginn slíkur staður er innan framkvæmdasvæðisins.

Næsta veðurstöð Vegagerðarinnar er við Hringveg (1-k5) við Gauksmýri. Á vef Veðurstofu Íslands sést að næstu veðurathugunarstöðvar Veðurstofunnar eru á Reykjum í Hrútafirði, Haugi í Miðfirði, Brúsastöðum í Vatnsdal og á Blönduósi. Á www.vedur.is er þó að finna upplýsingar um ársmeðaltöl fyrir úrkomu og vindátt á sjálfvirkri veðurstöð á Ásbjarnarstöðum á Vatnsnesi.

Hitastig á Ásbjarnarstöðum á Vatnsnesi liggur ekki fyrir, en í gögnum Vegagerðarinnar um Gauksmýri frá desember 2022 - desember 2023 var mesti hiti við veðurstöð á Gauksmýri 22°C í júlí 2023 og lægsti hiti á sömu stöð var -20°C í lok desember 2022.

Ársúrkoma á Ásbjarnarstöðum á Vatnsnesi á árunum 1993-2022 var mjög mismunandi, eða frá 466 mm árið 2010 til 1109 mm árið 1993.


Vindafar er líklega breytilegt á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Megin vindátt á veðurstöð á Ásbjarnarstöðum á Vatnsnesi er NA-átt (www.vedur.is). Einnig voru sótt gögn um Gauksmýri úr kerfi Vegagerðarinnar. Á ← Mynd sést tíðni hvernar vindáttar við Gauksmýri. Á myndinni sést að norðaustanáttir eru tíðastar. Suðaustan- og norðvestanáttir eru sjaldgæfastar (http://kerfi.vegagerdin.is/Gagnaskodari/GS_Query.aspx).



← Mynd 34

Vindrós fyrir veðurstöðina Gauksmýri á tímabilinu frá desember 2022 - desember 2023.

Á tímabilinu frá desember 2022 - desember 2023 var mesta vindhviða við Gauksmýri 36 m/sek í lok janúar 2023. Þá var meðalvindhraði aðeins 18 m/sek. Hvassara var yfir vetrarmánuðina en sumarmánuðina.



Ráðist er í endurbyggingu vega m.a. til að ráða bót á vandamálum sem skapast vegna veðurfars, t.d. snjósöfnun á veg og að vatn sitji á vegi.

Vegagerðin telur að framkvæmdin hafi engin áhrif á veðurfar, en að loknum framkvæmdum verði Síðuvegur (716) öruggari þegar verulega dregur úr hættu á að vatn sitji á veginum og að snjór safnist á hann.

↑ Mynd 35

Vindrósir fyrir fyrirhugað framkvæmdasvæði (vindatlas.vedur.is).

6.2 Náttúruvá

Svæði undir náttúruvá eru svæði þar sem hættu er talin stafa af náttúruhamförum.

Á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði í Húnaþingi vestra eru ekki þekkt svæði þar sem mikil óveður verða, engin ofanflóðahætta er á svæðinu, ekki er vitað til að vatns- eða sjávarflóð hafi valdið þar tjóni og svæðið er utan helstu jarðskjálftasvæða. Engin hættu er á eldgosum á svæðinu.

Vegagerðin telur að framkvæmdin hafi óveruleg áhrif á þennan umhverfispátt.

7 Mót vægis aðgerðir

Að loknum framkvæmdum verður Síðuvegur (716) orðinn góður vegur með klæðingu. Með framkvæmdunum batnar tenging á milli Hringvegur (1) og Vatnsnesvegur (717) talsvert.

- Nýr vegur og námur verða hönnuð þannig að þau falli sem best að landslagi. Vega-gerðin mun stuðla að því að röskun á landi verði sem minnst og að hún takmarkist við vegarstæðið sjálft eða fyrirfram skilgreind námusvæði. Í útboðsgögnum verður lögð áhersla á að verktaki gæti þess vel að raska hvergi landi utan við skilgreint framkvæmdasvæði vegar og náma og verður allur akstur tækja bannaður utan framkvæmdasvæðis á verk tíma.
- Vegtengingar verða lagaðar að nýrri hæðarlegu vegarins og gert reiðfært meðfram vegi þar sem núverandi reiðleið liggur meðfram honum á milli Hringvegur og Borgarvegur (717). Á kaflanum á milli Borgarvegur (717) og Vatnsnesvegur (711) er stefnt að því að reiðleiðin meðfram Vesturhópsvatni verði notuð í stað þeirrar sem liggur meðfram Síðuvegi (716) því rými fyrir reiðleið meðfram þeim kafla vegarins er afar lítið.
- Vegagerðin mun reyna að byggja veginn í sátt við landeigendur. Samráð verður haft við landeigendur um framkvæmdir og leitast við að raska búskapi og hvers konar atvinnustarfsemi á svæðinu sem minnst. Landeigendum verða greiddar bætur fyrir efni sem notað verður til vegagerðar og það land sem lendir undir vegarframkvæmdum.
- Á nokkrum stöðum þarf að raska girðingum. Þar sem hróflað verður við þeim verður það gert í samráði við landeigendur og girt að nýju eins fljótt og auðið er.
- Ef byggð verða undirgöng fyrir búfé verður staðsetning, landmótun og frágangur vegna þess í samráði við landeigendur.
- Reynt verður að skerða lítt röskuð gróðurlendi sem minnst. Til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á gróðurfur, verður efsta lag jarðvegs, svarðlag sem fellur til í vegstæði og í námum varðveitt og nýtt aftur við frágang svæðis sjá kafla 3.3.3.
- Við frágang á röskuðum svæðum verður reynt að ganga þannig frá skeringum og námum að ekki verði hætta á rofi. Jaðrar framkvæmdasvæða verða aðlagðir að landinu umhverfis. Jarðvegi og gróðri verður haldið til haga og jafnað yfir röskuð svæði eins fljótt og kostur er.
- A.m.k. jafn mikið gróðurlendi og raskast við framkvæmdirnar verður grætt upp. Við frágang vegarins verða skeringar og fyllingar lagaðar að landinu umhverfis. Reynt verður að ganga vel frá jöðrum framkvæmdasvæða til að gera sárin í landinu sem minnst áberandi. Öll svæði við hlið vegar, s.s. vegkantar, skeringar, aflagðir vegkaflar og námusvæði, verða jöfnuð og grædd upp þar sem við á að verki loknu í samráði við landeigendur, Land og skóga og Umhverfis- og orkustofnun eftir því sem við á. Við uppgræðslu þar sem það á við, verður tekið mið af grenndargróðri.
- Við val á aðferðum við endurheimt staðargróðursins verður tekið mið af umhverfis- aðstæðum en mismunandi uppgræðsluáðferðir geta hentað mismunandi svæðum.

Nýttar verða upplýsingar um uppgræðslu í tengslum við framkvæmdir sem er að finna í riti Landbúnaðarháskóla Íslands, Vegvist.

- Almennt gildir fyrir brú og ræsi á fyrirhuguðum vegi að þau verði hönnuð fyrir 100-ára flóð árvatns. Vatnsop verða því það stór að þau munu ekki hafa áhrif á vatnshæð og straumhraða þegar rennsli á milli og lækjum er nálægt meðalrennsli. Gæta skal að því að ræsi verði grafin niður um 10-20 % af þvermáli þeirra til að tryggja að jarðefni safnist í botn ræsanna og samfella haldist í farveginum.
- Þar sem vegur þverar votlendi er mikilvægt að reyna draga úr áhrifum vegar á grunnvatnsstöðu og yfirborðsrennsli eins og kostur er. Lagt er til að forðast sé að grafa nýja skurði og rásir. Setja þarf ræsi eða pípur í alla farvegi, skurði og lægðir þar sem vatn hefur runnið til að líkja sem best eftir náttúrulegu flæði, takmarka vatnsþrýstingsmun ofan og neðan við veg og þannig takmarka áhrif á grunnvatnsstöðu.
- Votlendi verður endurheimt í stað þess sem raskast í samráði við landeigendur og verkefnisstjóra Endurheimtar votlendis og vöktunar votlendisvistkerfa hjá Landi og skógum.
- Fyrirhugaður vegur fer ekki inn á vatnsverndarsvæði, mengunarstyrkur afrennslis vegar er lítill og vatnshlot ekki mjög viðkvæm fyrir mengun, því eru ekki gerðar sérstakar kröfur um hönnun mengunarvarna meðfram nýjum vegi. Til að lágmarka áhættu á mengunarslysi á framkvæmdartíma er verktaka gert skylt að sinna viðhaldi og eftirliti véla og tækja með markvissum hætti. Útbúa skal sérstakt áfyllingarsvæði á landi þar sem áfylling olíu á vélar fer fram til að tryggja að olía og önnur mengandi efni, berist ekki í jarðveg utan við skilgreint svæði komi til óhappa. Sama gildi um geymslu á mengandi efnum á verktíma.
- Samráð verður við Hafrannsóknastofnun um tilhögun brúarframkvæmda við Reyðarlæk og aðra læki. Einnig verður samráð um tilhögun framkvæmda við námur í þurrum áreyrum Dalsár og Þúfulækjar.
- Í tilvikum þar sem óhjákvæmilegt reynist að raska fornminjum vegna framkvæmda verður farið eftir tilmælum Minjastofnunar Íslands um hvort og með hvaða skilmálum fornleifar megi víkja.
- Ráðast þarf í frekari rannsóknir á mögulegum fornleifum á námusvæðum þegar efnistökusvæði hafa verið afmörkuð nákvæmlega, áður en framkvæmdir hefjast. Fornminjar sem eru innan áhrifasvæðis framkvæmdarinnar verða kynntar í útboðsgögnum og merktar á áberandi hátt eða girtar af áður en framkvæmdir hefjast í samráði við Minjastofnun Íslands. Öll umferð vinnuvéla verður bönnuð innan þeirra svæða. Þá verður ekki leyfilegt að hafa vinnuskúra og/eða efnageymslur í grennd við fornleifar. Ef í ljós koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdasvæðinu á framkvæmdatíma, verður haft samráð við Minjastofnun Íslands varðandi aðgerðir í samræmi við 23. og 24. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar.
- Við lok framkvæmda verður reynt að gera ummerki framkvæmdanna í landinu eins lítið áberandi og kostur er.

7.1 Samráðsaðilar

Samráð verður haft við eftirtalda aðila:

- **Sveitarfélagið Húnaþing vestra**, varðandi framkvæmdaleyfi.
- **Skipulagsstofnun**, varðandi tilkynningu framkvæmdarinnar.
- **Landeigendur**, um uppgræðslu, endurheimt votlendis, efnistöku, framkvæmdir og framkvæmdatíma á svæðinu.
- **Umhverfis- og orkustofnun**, um áhrif framkvæmdar á vatnshlot.
- **Náttúruverndarstofnun**, um efnistöku, uppgræðslu og frágang á svæðinu.
- **Land og skóga**, um endurheimt votlendis, uppgræðslu og frágang á svæðinu.
- **Hafrannsóknastofnun** um mótvægisaðgerðir til að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdar á lífríki í veiðiám.
- **Fiskistofu**, um leyfi til mannvirkjagerðar í veiðiám.
- **Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra**, varðandi leyfi til atvinnureksturs sem getur valdið mengun.
- **Minjastofnun Íslands**, um mótvægisaðgerðir vegna fornleifa á svæðinu.
- **Rarik**, vegna framkvæmda í grennd við jarðstrengi.
- **Mílu ehf.**, vegna framkvæmda í grennd við fjarskiptalagnir á svæðinu.

8 Niðurstaða

Síðuvegur (716) er 5,8 km langur. Hann liggur frá Hringvegi á Vatnsnesi austanverðu að Vatnsnesvegi (711). Fyrirhugað er að endurbyggja allan veginn á sama stað til að bæta samgöngur. Tilkynna þarf framkvæmdina til Skipulagsstofnunar í samræmi við 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 því hún er lengri en 5 km. Auk þess verða framkvæmdir innan verndarsvæðis því lítt röskuðu votlendi sem er stærra en 2 ha verður raskað. Skráðar voru fornleifar meðfram vegi og á námusvæðum en aðrar rannsóknir liggja ekki fyrir.

Áhrif á mannlíf, útivist og ferðamennsku

Á framkvæmdatíma verða neikvæð áhrif á mannlíf, útivist og ferðamennsku vegna hávaða, ryks og truflunar á umferð. Vegagerðin telur að áhrifin á framkvæmdatíma verði óveruleg en að framkvæmdum loknum verði jákvæð áhrif vegna öruggari og betri samgangna og vegna minna ryks frá vegi.

Áhrif á öryggi, samgöngur og heilsu

Samgöngur um Síðuveg (716) verða öruggari þegar framkvæmdum á kaflanum lýkur. Endurbyggður vegur verður aðeins breiðari en núverandi vegur, með betri hæðar- og planlegu og bundnu slitlagi. Framkvæmdir verða að mestu innan núverandi vegsvæðis, nema við vegamót Borgarvegar (717) og vegamót Vatnsnesvegar (711). Engin breyting verður á vegalengdum. Ræsi í veginum verða endurnýjuð og vegkantar gerðir meira aflíðandi, þannig að þeir séu ekki brattari en 1:3, nema þar sem vegrið verða meðfram vegi. Við þessar aðgerðir verður minni hættu á snjósöfnun á veg, minni hættu á að vatn standi á vegi og umferðaröryggi meira.

Á framkvæmdatíma eykst umferðarhávaði, loftmengun og hættu á mengunarslysum á framkvæmdasvæðinu vegna umferðar vinnuvéla. Að loknum framkvæmdum verður minni umferðarhávaði en nú vegna klæðingar í stað malarslitlags og hættu á mengunarslysum verður minni.

Landnotkun

Framkvæmdin mun hafa óveruleg áhrif á landnotkun á svæðinu sem hún liggur um því núverandi vegi verður fylgt nema á stuttum köflum við Borgarveg (717) og Vatnsnesveg (711). Allar námurnar nema ein, þ.e. Þúfulækur, sem eru til skoðunar eru í námskrá Vega-gerðarinnar og hafa áður verið nýttar. Breyta þarf aðalskipulagi ef námur sem ekki eru á skipulagi (kafla 3.2.5) verða nýttar.

Samráð verður við veitufyrirtæki ef hættu er á að rafstrengir og fjarskiptastrengir geti raskast. Einnig verður samráð við landeigendur um bætur vegna rasks á girðingum, túnum og beitolöndum og skertum efnistökmöguleikum.

Landslag og ásýnd

Framkvæmdasvæði nýs vegar verður ekki umfangsmikið og Vegagerðin telur að áhrif framkvæmdarinnar á landslag verði óveruleg. Landslagsmyndin breytist lítilsháttar með endurbyggðum vegi. Við hönnun vegarins er lögð áhersla á að mannvirkið falli vel að landi.

Efnistaka úr námum mun hafa varanleg áhrif á landslagið en gert er ráð fyrir að áhrifin verði að mestu tímabundin þar til gróður á röskuðum svæðum hefur náð sér á strik.

Jarðmyndanir, vatnshlot og laxfiskar

Vegagerðin telur að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á jarðmyndanir á svæðinu. Einnig telur hún að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á vatnshlot á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, en hætta á mengunarslysum næst framkvæmdasvæðinu eykst á framkvæmdatíma. Áhættan er mest þar sem Síðuvegur (716) þverar Reyðarlæk.

Að loknum framkvæmdum verður hætta minni en í dag vegna öruggari vegar því hætta á útafakstri minnkar.

Vatnsop verða nægjanlega stór og mörg til að hafa sem minnst áhrif á grunnástand vatnshæðar, straumhraða, setflutninga o.fl.

Í tilfelli þeirra vatnshlota sem framkvæmdin fer um telur Vegagerðin að áhrif á vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand verði óveruleg. Einnig muni framkvæmdir ekki hafa áhrif á magnstöðu grunnvatns.

Það er mat Vegagerðarinnar að ekki sé hætta á að umhverfismarkmið vatnshlotanna náist ekki vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Samráð verður við Hafrannsóknastofnun um leiðbeiningar vegna þverunar Reyðarlækjar og leitað leyfis Fiskistofu til að byggja nýja brú.

Vistgerðir og gróðurfar

Vegagerðin telur að framkvæmdin muni ekki hafa veruleg áhrif á vistgerðir eða gróðurfar svæðisins. Rask verður meðfram núverandi vegi, að stórum hluta á svæði sem þegar hefur verið raskað. Gróður sem lendir undir fyllingum eða í vegskeringum mun hverfa en reiknað er með að græða upp allt rask á vegsvæði á grónum svæðum. Helstu áhrif á vistgerðir og gróðurfar verða á námusvæðum sem hafa ekki verið nýtt áður.

Fyrirhugaðar vegabætur munu raska votlendissvæðum en þeim hefur áður verið raskað með framræslu og vegagerð. Stærð gróðursvæða og votlendis sem raskast verður mæld áður en framkvæmdir hefjast og gróður og votlendi endurheimt í stað þeirra. Stærri votlendi verður endurheimt en það sem raskast í samráði við landeigendur og verkefnisstjóra hjá Landi og Skógum.

Fuglar og spendýr

Framkvæmdin getur haft tímabundin áhrif á fugla meðan á framkvæmdum stendur. Vegagerðin dregur þær ályktanir út frá þeim rannsóknum sem gerðar hafa verið á áhrifum vega á fuglalíf, að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á fuglalíf þar sem núverandi vegi er að mestu fylgt. Áhrif á spendýr eru metin óveruleg.

Fornleifar

Samráð var við Minjavörð Norðurlands vestra um rannsóknþörf vegna framkvæmdarinnar. Í kjölfarið var Byggðasafn Skagfirðinga fengið til að skrá fornleifar meðfram vegi og á mögulegum námusvæðum.

Tólf fornleifar á svæðinu hafa verið skráðar. Við frekari undirbúning framkvæmda þarf að breyta afmörkun náma til að koma í veg fyrir að fornleifum verði raskað.

Engar friðaðar fornleifar voru skráðar innan áhrifasvæðisins. Farið verður eftir til mælum Minjastofnunar um mótvægisáðgerðir til að koma í veg fyrir að aðrar fornleifar raskist og um frekari rannsóknir ef þess gerist þörf.

Ef í ljós koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdasvæðinu á framkvæmdatíma, verður haft samráð við Minjastofnun Íslands varðandi áðgerðir í samræmi við 23. og 24. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar.

Veður og Náttúruvá

Framkvæmdin miðar að því að auka öryggi íbúa á svæðinu, m.a. með tilliti til minni snjó-söfnunar á veg og náttúruvár og því verða samgöngur öruggari. Vegagerðin telur að framkvæmdin hafi hverfandi áhrif á veður en jákvæð áhrif á náttúruvá á svæðinu því hún mun draga úr hættu á að vegurinn lokist.

Umræður

Núverandi vegur óbreyttur er ekki valkostur því hann uppfyllir ekki öryggiskröfur Vegagerðarinnar. Jákvæð umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eru töluverð. Þau felast í bættum samgöngum og meira umferðaröryggi. Endurbyggður vegur verður greiðfærari og öruggari en núverandi vegur.

Vegagerðin telur að viðkomandi vegaframkvæmd og sú efnistaka sem henni fylgir muni ekki hafa umtalsverð áhrif á umhverfið vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar. Framkvæmdum verður hagað þannig að neikvæð áhrif þeirra verði sem minnst, mótvægis- aðgerðum verður beitt og haft samráð við ýmsa aðila.

9 Heimildir

- Aðalsteinn Örn Snæþórsson og Sigbrúður Stella Jóhannsdóttir, 2023: Fuglalíf við Uxa-hryggjaveg. Unnið af Náttúrustofu Norðausturlands fyrir Vegagerðina, Húsavík, apríl 2023, 17 bls.
- Alþingi, 2026. *Tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2026–2040 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2026–2030*. Frá innviðaráðherra. 110 bls.
- Anna Heiður Eyðisardóttir og Magnús Bjarklind, 2015: *Öryggi vatnasvæða í nágrenni vega. Aðgerðir og viðbrögð til að vernda vatnasvæði og lágmarka mengunarhættu*. Unnið fyrir Vegagerðina. 26 bls.
- Ásta Hermannsdóttir og Ylfa Leifsdóttir, 2025: *Síðuvegur, Vatnsnesvegur og námukostir. Fornleifaskráning vegna vegagerðar*. Byggðasafn Skagfirðinga 2025/302. 41 bls.
- Efla, 2020: *Landslag á Íslandi, flokkun og kortlagning landslagsgerða á landsvísu*. Skýrslan_Lokaeintak-2-.pdf (skipulag.is). Unnið fyrir Skipulagsstofnun, Reykjavík. Útgefið 17.11.2020. 79 bls. Kortasjá verkefnisins er [hér](#).
- Ferðamálastofa, 2025. *Kortlagning auðlinda – mögulegir viðkomustaðir*. Vefsíða Ferðamálastofu. Sótt 18.08.2025 af <https://geo.alta.is/fms/stadir/>.
- Guðný Zoëga og Bryndís Zoëga, 2019. *Fornleifaskráning vegna lagningu ljósleiðara á Vatnsnesi*, Byggðasafn Skagfirðinga, 32 bls.
- Guðrún Óskarsdóttir og Kristín Ágústadóttir, 2023. *Vegabætur á Uxahryggjaleið frá Brautartungu að Kaldadalssvegi*. Gróðurannsóknir vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Náttúrustofa Austurlands. NA-230245. Júní 2021. Unnið fyrir Vegagerðina. 26 bls.
- Hagstofa Íslands, 2025: *Tölur um mannfjölda á Íslandi*. Sótt í ágúst á heimasíðu www.hagstofa.is.
- Heimasíða Landssambands veiðifélaga, www.angling.is Upplýsingar um Víðidalsá. Sótt 3. Júní 2024.
- Húnaþing vestra, 2025. Upplýsingar um Vatnsnes sóttar á heimasíðu sveitarfélagsins <http://www.visithunathing.is/is/ahugavert/saga/vatnsnes>
- Íslenski ferðavefurinn, 2024. *Fuglar Norðurland*. Upplýsingar sóttar 09.07.2024. <https://is.nat.is/fuglar-nordurland/>
- Íslenski ferðavefurinn, 2025. Víðidalsá - Fitja <https://is.nat.is/vididalsa-fitja/>. Upplýsingar sóttar 07.01.2025.
- Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir og María Harðardóttir (ritstj.) (2016). *Vistgerðir á Íslandi*. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 54. Garðabær.

Landmótun, 2014a. *Aðalskipulag Húnaþings vestra 2014-2026. Greinargerð*. Unnið fyrir Húnaþing vestra. Kópavogi, 76 bls.

Landmótun, 2014b. *Aðalskipulag Húnaþings vestra 2014-2026. Umhverfisskýrsla*. Unnið fyrir Húnaþing vestra. Kópavogi, 27 bls.

Landmótun, 2014c. *Aðalskipulag Húnaþings vestra 2014-2026. Uppdráttur*. Unnið fyrir Húnaþing vestra. Kópavogi, 1 bls.

Minjastofnun Íslands, 2024. *Vefsja með skráðum fornleifum*. <https://minjastofnun.gis.is/mapview/?application=minjastofnun>. Skoðað 09.07.2024.

Náttúrufræðistofnun Íslands, 2019, 1. útg. *Sérstök vernd náttúrufyrirbæra*. <https://serstokvernd.ni.is/> skoðað 09.07.2024

Náttúrufræðistofnun Íslands, 2020, 2. útg. *Selalátur við strendur Íslands*. <https://selalatur.ni.is/> skoðað 09.07.2024.

Náttúrufræðistofnun Íslands, 2022. 3. útg. *Jarðfræði Íslands*. <http://jardfraedikort.ni.is>. skoðað 09.07.2024.

Náttúrufræðistofnun Íslands, 2024a. *Tillögur Náttúrufræðistofnunar Íslands að svæðum á B-hluta náttúru-minjaskrár*. <https://www.ni.is/is/midlun/natturu-minjaskra> og <https://natturuminjaskra.ni.is/> Skoðað 09.07.2024.

Náttúrufræðistofnun Íslands, 2024b. *Mikilvæg fuglasvæði*. <https://www.ni.is/is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi> skoðað 09.07.2024.

Náttúrufræðistofnun Íslands, 2025. *Vistgerðir á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði*. <https://vistgerdakort.ni.is/> skoðað 07.04.2025.

Starir veiðifélag, 2025. Upplýsingar um Víðidalsá og Fitjá. Sótt 07.01.2025 af <https://starirflyfishing.com/is/>

Umhverfisstofnun, 2025: Upplýsingar um friðlýst svæði og náttúru-minjaskrá. Sótt í júní á heimasíðu www.ust.is.

Umhverfisstofnun, 2022: *Vatnaáætlun fyrir Ísland 2022-2027*. 68 bls.

Umhverfisstofnun, 2021: *Vöktunaráætlun vatnaáætlunar 2022-2027*. 50 bls.

Veðurstofa Íslands, 2024. Sótt 09.07. 2024. *Stjórn vatnamála*. Uppspretta upplýsinga um vatnamál á Íslandi. Vefsja <https://vatnavefsja.vedur.is/#>

Örnefnastofnun, 1982: *Vestur-Húnavatnssýsla Bjarghús 1 Þverárhreppur Húnaþing vestra*. Jóhanna Björnsdóttir, Bjarghúsum, kom í Örnefnastofnun 25.11.1981. Hreinritað í Örnefnastofnun 19. apríl 1982 Guðrún Þóra Guðmannsdóttir. 8 bls.

10 Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1: *Síðuvegur, Vatnsnesvegur og námukostir. Fornleifaskráning vegna vega-gerðar.*

Ásta Hermannsdóttir og Ylfa Leifsdóttir, 2025. Byggðasafn Skagfirðinga
2025/302. 41 bls.

11 Teikningar

Teikning B-01. Vegagerðin, (2024): Afstöðumynd í mkv. 1:50.000.

Teikning B-02. Vegagerðin, (2024): Yfirlitsmynd í mkv. 1:20.000.

Teikning D-01 til D-04. Vegagerðin (2024): Grunnmynd / langsnið, mkv. 1:4.000, Veg-
lína A.

Teikning D-05 til D-08. Vegagerðin (2024): Grunnmynd / langsnið, mkv. 1:4.000, Veg-
lína B.

Teikning E-01. Vegagerðin (2024): Tillaga að reiðleið, mkv. 1:15.000.